

Hér og nú

7. tbl. 1. árg. 1998

Upplýsingarit um viðburði mánaðarins

Tíðindadagbókin
Gúmmískór og jöklaferðir
Áhugaverðir staðir á Vesturlandi
Reykholts hátíð og Carmen negra
Beach Boys

Frítt

Gula Bókin '98

Umsagnir ánægðra notenda:

„Hún er leiðinleg í rúminu, en frábær við símann“.

Jón frá Kvíhóli

„Hún er lélegur skáti, en ómissandi í útileguna“.

Högni skátaforingi

„Þetta er ömuleg ástarsaga, en þarna er allt um iðnaðarmenn“.

Fjóla húsmóðir

„Hörmulegur söguþráður, en ótrúlega góð í bílinn“.

Bjössi á mjólkurbílnum

„Mér finnst guli liturinn svo geggjaður“.

Tobba táningur

„Lítið af bröndurum, en frábærar upplýsingar“.

Ögmundur forstjóri

Gula Bókin '98

Icelandic yellow pages

Þjónustustrá

Fyrirtækjaskrá

Götukort

Ríki og tætur



GULA BÓKIN 1998

Í BÓKINN ERU UPPLÝSINGAR UM FLEST ÖLL STARFANDI FYRIRTÆKI Á ÍSLANDI Í DAG, ÁSAMT UPPLÝSINGUM UM RÚMLEGA 5 ÞÚSUND IÐNAÐARMENN. ÞÁ ERU TÆMANDI UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI RÍKIS OG BÆJA.

STUND Í MYNTSAFNINU

Opið virka daga á skrifstofutíma.
Heimsóknir hópa eftir samkomulagi.
Sérfræðingur er til leiðsagnar.
Aðgangur ókeypis.

Íslensk mynt og seðlar,
íslenskir vöruseðlar og brauðpeningar,
minnispeningar, heiðursmerki, orður-
erlend mynt sem tengist íslenskrri sögu.

MYNTSAFN

Seðlabanka og þjóðminjasafns
Einholti 4 • Reykjavík • Sími 569 9964



Arbejarsafn
REYKJAVÍK MUSEUM

Lifandi fortíð

Opnunartími safnsíms:
Júlí og ágúst er opið þriðjudaga til
föstudaga frá 9.00 til 17.00.
Um helgar er opið frá 10.00 - 18.00.
Á mánudögum er árþærin og kirkjan
opin frá 11.00 til 16.00

Með íslenskuna að vopni

Hin landsfræga hagröðingakeppni
verður haldin í íþróttahúsinu á Vopnafirði
laugardaginn 25. júlí kl. 21:00

Stjórnandi: Karl Ágúst Úlfsson

Hagröðingar:
Friðrik Steingrímsson
Sr. Hjálmar Jónsson
Jón Kristjánsson
Pétur Pétursson
Sigurður Hansen
Porsteinn Bergsson

Boðið verður upp á tónlistaratriði.

Minum jafnframt á sagnakvöld þann 30. júlí,
sjá nánar í dagskrá.



Kjörin gjöf til vina erlendis

Hér er fjallað um þær 23 tegundir hvala
sem sést hafa við Íslandsstrendur og helstu
einkennum þeirra lýst í máli og myndum.
Glæsilega myndskreytt og litprentuð.

Fæst á íslensku, ensku og þýsku

FORLAGIÐ

Laugavegi 18 • Sími 515 2500 • Síðumúla 7 • Sími 510 2500

Til þess að fanga þann stóra -
þarf að auglýsa
á réttum stað.

HER OG NÚ
MENNINGARBLAÐIÐ



17
5
31
151
49
32
98
2
72B

Gullkistan
DÓRA JÓNSDÓTTIR
GULLSMÍÐUR
FRÁKASTIG 10 • SÍMI 551 3160

YFIR 70 BÍLAR AF ÖLLUM STÆRÐUM AF EINUM STAÐ.

9 farþegar eða 900 – og allt þar á milli. Hvernig sem
hópurinn er og hvert sem ferðinni er heitið höfum við
bílinn og bílstjóran. Örugg akstursþjónusta í áráraðir.

Á ANNAN

HÓPFERÐAMIÐSTÖÐIN hm

Sími: 587 6000 • Fax: 567 4969

Næst... Auglýsingastofna

Meðal efnis:

- Á Vatnajökulbls.6**
Perla Reykjavíkur . .bls.8 - 9
Vesturlandbls.10 - 14
Carmen negra . . .bls.16 - 17
Árbæjarsafnbls.18
Viðeybls.20
Tónlistarpistillbls.21
Á Langjökulbls.22
Knattspyrnupistillbls.23
Rómantík við Blöndu . .bls.24
Tjöld og túttur . . .bls.28 - 29
Stapinnbls.31

Útgefandi: Saga Íslands

Framkvæmdastjóri: Bragi Sveinsson

Ritstjóri: Ingunn Ásdísardóttir

Umbrot: Rafn Sigurbjörnsson

Auglýsingar: Þóroddur Grétarsson

Ritnefnd: Bragi Sveinsson, Birgir Gunnlaugsson,

Rafn Sigurbjörnsson, Stefán Sturla Sigurjónsson

Prentun: Grafík

Forsíða: Stefán Sturla Sigurjónsson og

Rafn Sigurbjörnsson

Eins og lesendur mánaðarritsins Hér og nú sjá í þessu júlíblaði, er verið að breyta blaðinu bæði hvað varðar útlit og inntak. Með þessu tölublaði hefjum við birtingu dagatals yfir alla helstu afþreyingar- og skemmti- viðburði hvers dags og reynum að hafa þennan lista eins ítarlegan og okkur er framast kostur. Nú höldum við okkur ekki lengur að mestu leyti á Stór-Reykjavíkursvæðinu heldur reynum að ná yfir landið allt, enda er ein af þeim breytingum sem eru í farvatninu að dreifa blaðinu enn víðar út um landið en verið hefur. Auk þess að láta blaðið liggja opið á borðinu heima hvetjum við alla til að taka það með sér í fríð og ferðalögin um landið því



það ætti að geta komið fólki til góða að geta flett upp á því hvað er í boði og að gerast á hverjum stað.

Ekki síður hvetjum við alla sem standa fyrir hvers konar uppákomum, menningarviðburðum, íþróttakeppnum, útivist og yfirleitt öllu sem tengist frítíma fólks að hafa samband við okkur og láta okkur vita svo að við getum sett alla viðburði inn í dagbókina.

Við vonum að þessar breytingar á blaðinu falli í góðan jarðveg meðal lesenda og bjóðum fólki endilega að láta í sér heyra um blaðið og efni þess.

I

Auglýsingar: 5 20 20 16

Fax: 5 20 20 01

Ritstjórn: 5 20 20 02 e-mail 5202002@gulabokin.is

Hönnun: 5 20 20 22 e-mail: honnun@gulabokin.is

Stórhöfði 15 • 112 Reykjavík

Föstudagur

10

ÍPRÓTTIR

Landsímadeildin
Laugardalsvöllur 20.00

Fram - Grindavík

Siglingar Íslandsmót

Optim./Topp/Eur. Akureyri Nökkvi

Landsmót hestamanna

Melgerðismelur

Sundmeistararnót Íslands

Laugardalslaug

Heiðmörk Golfklúbburinn Oddur

Fyrirtækjakeppni GSÍ, punktar 18 h

Golfklúbbur Vestmannaeyja

Vulcano Open 36 h

Héraðsmót USVH í frjálsum

íþróttum. Hvammstanga.

LISTIR & MENNING

Ketilhúsið Akureyri, opnun kl.

18.00 Baltasar sýnir ný verk.


Stendur til 26. júlí.

Perlan Maria Uhlig sýnir vefmyndir.

Myndefnið er landslag og náttúru-

feegur sem lýsir kyrr og einveru.

Sýningin er opin til 2. ágúst



Leikfélag Reykjavíkur í

Borgarleikhúsi kl. 20.00.

Sumarsöngleikurinn Grease

Íslenska óperan kl. 20:00. Carmen

Negra

Ráðhús Reykjavíkur Opnun.

Málverkasýning Birgis Schiöth.

Stendur til 31. júlí.

ÚTIVIST

Vestfirðir Priggja daga fjalla-
hljólaþolhringur. Flókalundur –
Tálknafjörður – Flókalundur –
Galtalækjarskógur Úlfaldinn
Fjölskylduhátíð SÁÁ.

Útivist Kl. 20:00 Næturengangur yfir
Leggjabrjót. Gengið frá Botnsdal að
Svartagili í Þingvallasveit.

Helgarferðir Útivistar:

Laugavegurinn, hraðferð. Kl. 8:30

Ekið í Landmannalaugar og gengið

samdagurs í Hvanngil. Næsta dag er

gengið í Bása. Gönguferð fyrir þá

sem vilja fara hratt yfir. Gist í skála

í Hvanngili. Tjaldgisting í Básun.

Tjöld og annan farangur má senda á

föstudagsmorgni með rútu í Bása.

Botnssúlur Kl. 20:00 Gengið úr

Hvalfjarðarbotni upp í skála

íslenska Alpklúbbssins á föstu-

dagskvöldi. Gengið á Botnssúlur og í

Súlnadal og farið m.a. á Sýðstúsúlu.

Á sunnudeginum er gengið niður að

Svartagili í Þingvallasveit.

Básar Kl. 20:00 Ekið í Bása á föstu-

dagskvöldi. Nú er hásumar á

Göðalandi, blóm, fuglalíf og

náttúran öll í fegursta skróða.

Fimmvörðuháls, næturengangur. Kl.

20:00 Farið er á föstudagskvöldi úr

bænum og ekið að Skógum þar sem

gangan hefst. Gengið er um nóttina

frá Skógum, upp með Skógaá í

Fimmvörðuskála. Á laugardeginum

er svo gengið áfram yfir í Bása. Á

laugardagskvöldið er varðeldur.

ANNAD

Hvalfjarðargöng opnuð fyrir
almennri bílaumferð.

Laugardagur

11

PRÓTTIR

Siglingar Íslandsmót
Optim./Topp/Eur. Akureyri

Nökkvi

Landsmót hestamanna

Melgerðismelur Eyjafirði

Sundmeistararnót Íslands

Laugardalslaug

Rallaksturskeppni í Skagafirði

Golfklúbbur Sauðárkróks

Opna Skagafjarðarmótið, 36 holar

VULCANO OPEN

Golfklúbbur Vestmannaeyja

Vulcano Open, 36 h

Golfklúbburinn Kjölur

Mosfellsbæ, Landlist, 18 h, m/án

Golfklúbbur Borgarness

Opið mót, 18 h, m/án

Golfklúbbur Fljótalsdalsheða

Egilsst., Snæfellsmótið, grillveisla

Unglingalandsmót UMFÍ í frjálsum.

Íþróttahátíð HSK

í frjálsum íþróttum. Selfossi.

Snæfinsleikarnir

í frjálsum íþróttum. Kópavogsvelli.

Hafnarfjarðarmeistararnót

í frjálsum íþróttum. Kaplakrikavelli.

LISTIR & MENNING

Leikfélag Reykjavíkur í

Borgarleikhúsi kl. 20.00.

Sumarsöngleikurinn Grease

Íslenska óperan kl. 20:00.

Carmen Negra

Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Kl. 14.00 Skip guðs og fiskivötn, Sr.

Guðmundur Óli Ólafsson fluttur

erindi. Tónleikar: Kl. 15.00 Verk

fyrir strengi og orgel eftir
Hafliða Hallgrímsson; kl. 17.00
Verk fyrir strengi og sembal eftir
Sófiu Gubaidulinu. Flytjendur: Síf
Tulinius fiöla, Farran James fiöla,
Emma Lively víola, James Bush
selló, Dean Ferrell bassi, Guðrún
Óskardóttir semball og Hilmar Örn
Agnarsson orgel.

Deiglan Akureyri opnun kl. 16:

HAUSAR; samsýning norðlenskra

listamanna og gesta þeirra.

Portrettmyndir. Stendur til 26. júlí.

Safnaðarheimili Akureyrarkirkju

kl. 17: Tónleikar, Michael J. Clarke

og Richard Simm. Aðgangur

ókeypis.

Gallerí + Akureyri, opnun kl. 16:

Ljósmyndakompan Akureyri,

opnun kl. 14: David Hebb. Stendur

til 31. júlí.

Reykjahlíðarkirkja við Mývatn

Sumartónleikar kl. 21.00

Síldarminjasafnið Siglufirði kl.

15:00 Stór söltunarsýning, harmo-

nikkuleikur, söngur, dans

ÚTIVIST

Sauðárkrókur Sauðárkrókshlaup

Skagafjörður Kl. 14:00 Gönguferð á

Mælfellshnjúk

Galtalækjarskógur Úlfaldinn

Fjölskylduhátíð SÁÁ. Hægt er að

fylgjast með úrslitaleik HM. Bubbi


og KK koma fram um kvöldið.

Ferðafélag Íslands kl. 08:00

Árbóksráðgjafi: Hagavatn-

Mosaskarð

ENGIR TVEIR HLUTIR EINS



Koogga

KERAMIK - VINNUSTOFA - GALLERÍ
VESTURGÖTU 5 - SÍMI. 552 6036

Á GÓÐRI STUND Í GRUNDARFIRÐI

24 - 26 JÚLÍ 1998

fjörðurinn - fjöllin - fólkioð

(sjá nánar í dagskrá)

Sunnudagur

12 ÍPRÓTTIR

Siglingar Íslandsmót
Optim./Topp/Eur. Akureyri
Nökkvi
Landsmót hestamanna
Melgerðismelur Eyjafirði
Golfklúbbur Sauðárkróks
Opna Skagafjarðarmótið, 36 holar
Sundmeistaramót Íslands
Laugardalslaug

VULCANO OPEN

Golfklúbbur Vestmannaeyja
Vulcano Open 36 h
Golfklúbburinn Leynir, Akranesi
Opnið mót 18 h m/án

LISTIR & MENNING

Norræna húsið kl. 16.00 Úr lífi
verkakonu í Reykjavík 1919;
Margrét Helga Jóhannsdóttir
leikkona les dagbókabrot Elku
Björnsdóttur verkakonu. Margrét
Guðmundsdóttir sagnfræðingur tók
saman.
Hallgrímskirkja kl. 20:30
Sumarkvöld við orgelið, Ivar
Mæland organisti við Vestervig kirke
í Danmörku leikur orgelverk eftir
Mæland, Berlin, Nielsen, Bach,
Reger o. fl.
Sumartónleikar í Skálholtskirkju
Tónleikar: Kl. 15.00 Flutt verður
úrval úr efnisskrám laugardags; kl.
17.00 Messa með þáttum úr tón-
verkum helgarinnar. Stólvers úr
fornu íslensku sönghandriti í nýrri
útgáfu Snorra Sigfúsar
Birgissonar.
Akureyrarkirkja kl. 17:
Sumartónleikar á Norðurlandi.
Karsten Jensen, orgel, frá
Danmörku. Aðgangur ókeypis.
Síðarmínjasafnið Siglufirði kl.

15:00 Stór söltunarsýning,
harmonikkuleikur, söngur, dans

ÚTIVIST

Mínjasafnið Akureyri kl. 14:
Gönguferð um Oddeyri. Lagt af stað
frá Gránufélagshúsinum,
Strandgötu 49. Leiðsögumaður
Hanna Rósa Sveinsdóttir
safnvörður.

Galtalækjarskógur
Fjölskylduhátíð SÁÁ.
Ferðafélag Íslands kl. 10:30 Esja:
Kistufell að austan-Gunnlaugsskarð.
Kl. 13:00 Esjuhlíðar: Kögunarhóll-
Mógilsá, fjölskylduganga.
Útivist Kl. 9:00 Djúpavatsleið í
Bláa lónið - hjólaferð frá
Skalla/Select við Vesturlandsveg.
Hjólað um Vigdisarvelli og
Djúpavatn til Grindavíkur og þaðan
í Bláa lónið og tekin rúta í baðinn.
Kl. 10:30 Kóngsvegur 5. áfangi.
Þingvellir - Laugarvatnsvellir.
Helgarferðir Útivistar:
Fimmvörðuháls, trússferð Kl. 8:30
Þessi ferð er einkum ætluð þeim sem
vilja fara rólega yfir. Ekið austur að
Skógum á laugardagsmorgni, komið
verður þangað rétt fyrir hádegi.
Gengið upp frá Skógaá, með
Skógaá og upp á Hálsinn. Farangur
er fluttur upp að Fimmvörðuskála
þar sem gist verður. Á sunnudegi er
gengið niður í Bása.

ANNAD

Árbæjarsafn Fornbíladagur.
Fornbílaklúbbur Íslands sýnir ýmsa
merka bíla í eigu félagsmanna.

Mánudagur

13 ÍPRÓTTIR

Æskulýðsmót FEIF
Gaddstaðflötum við Helli
Meistaramót allra golfklúbba
landsins



Júlí 1998



Til jökulheima um Höfn í Hornafirði

Hornafjörður er blómlegt og ört vaxandi sveitarfélag og búa þar nú á þriðja þúsund manns. Sjávarútvegur er aðalvinnuvegur Hornfirðinga en þjónusta við landbúnaðinn sem stundaður er í sveitunum í kring um Höfn er einnig stór þáttur í atvinnulífi bæjarbúa. Byggðin er í skjóli Vatnajökuls og skyggnist maður um sveitina má hvarvetna sjá merki um návist jökulsins. Parna mætast grösug tún og köld jökulbrúin.

Þjónusta við ferðamenn er dafnandi atvinnugein í héraðinu og þar er nú fjöldi fyrirtækja sem býður ferðamönnum upp á margvíslega þjónustu og afþreyingu af ýmsu tagi.

Jöklaferðir er eitt þessara fyrirtækja og þar standa mönnum til boða ævintýraferðir upp á Vatnajökul, stærsta jökul Evrópu. Farið er frá Höfn ýmist á vélsleðum, snjóbílum eða jeppum og ekið upp á jökulinn þar sem hvítur kaldur ísheimur tekur við og fegurð jökulauðnarinnar grípur slíkum heljartökum að hugsunin um byggðina á láglandinu hverfur manni algjörlega um

hríð. Uppi á jökulviðernunum áttar maður sig fyrst á því hve margir litir leynast í hinum hvíta; endalaus blæbrigði af hvítu; óendanlegur margbreytileiki forma. Ferðir Jöklaferða geta tekið

allt frá einni klukkustund upp í tvo til þrjá daga. Í 840 metra hæð er veitingastaðurinn Jöklaasel sem býður ferðamönnum upp á veitingar og gistingu en hann mun vera hæst staðsetti veitingastaður á landinu. Það er ekki ónýtt að komast í sjávarréttahlaðborð Jöklafels sem reitt er fram á innréttingu úr jöklinum sjálfum.

Önnur mynd af jöklinum en ekki síður stórfengleg fæst með því að sigla um Jökulsárlónið innan um ísjakana sem brotna úr Breiðamerkurjökli og fljóta þar um í allri sinni ógnandi tign og fegurð.



Þriðjudagur

14 ÍPRÓTTIR

Þriðjudagskeppni kjölbáta Ytri höfnin í Reykjavík. Kl. 19:00 í umsjá Brokeyjar, siglingafélags Reykjavíkur
Æskulýðsmót FEIF Gaddstaðafötum við Helli Meistaramót allra golfklúbba landsins

LISTIR & MENNING

Norræna húsið kl. 16.00 Íslenskar stuttmyndir: „Two little girls and a war“ eftir Maríu Sólrúnu Sigurðardóttur og „Leap Year“ eftir Önnu Th. Rögnvaldsdóttur
Íðnó kl. 20:30 Tónleikaröð: Frjálst er í fjallasal - djass og spunatónlist
Listasafn Sigurjóns Þriðjudagstónleikar kl. 20:30. Jón Sigurðsson og

Þórarinn Stefánsson leika fjórhent á píanó verk eftir Fauré, Ravel, Poulenc og Debussy.
Deiglan Akureyri kl. 13: Sumarháskólinn. Fyrirlestur fyrir erlenda ferðamenn. Haraldur Besson, ferð í Vesturfarasetrið á Hofsósi.
Minjasafnskirkjan Akureyri kl. 21: Söngvaka. Hjörleifur Hjartarson og Rósa Kristín Baldursdóttir ferðast um íslenska sönghefðarsögu.

ÚTIVIST

Íþróttir fyrir alla og Íslenski Fjallahjólaklúbburinn bjóða upp á skipulagðar hjólreiðaferðir um borgina og næsta nágrenni. Lagt er af stað úr Mjóddinni í Breiðholti klukkan 20.00.

Miðvikudagur

15 ÍPRÓTTIR

Æskulýðsmót FEIF Gaddstaðafötum við Helli
Meistaramót allra golfklúbba landsins
Kópavogssprettur 2. mót í frjálsum íþróttum. Kópavogsvelli.

LISTIR & MENNING

Íðnó, kl. 20:00 Þjónn í súpunni eftir Árna Ibsen - forsýning
Egilsstaðir, Hér fyrir austan, útileikhús og skógartónar í Selskógi

ÚTIVIST

Ferðafélag Íslands, kl. 20:00 Búrfellsgjá-Valaból



Af hverju heitir heita vatnið heita vatnið? Eitthvað verður það að heita vatnið! Sjá einnig bls. 8.

Reykjavík og nágrenni

ÁRB-EJARSAFN - Ártúnsholti Rvík. 5771111.
Opíð daglega frá 8:00-16:00. Leiðsögn um safnið mán., mið., og fös. kl. 13:00.

ÁSGRÍMSSAFN - Bergstaðastræti 74, Rvík. 5513644.
Kyrillífs- og blómamyndir ásamt myndum úr Reykjavík og nágrenni.

ÁSMUNDARSAFN - v/Sigtún, Rvík. 5532155. Safnið geymir höggmyndir og teikningar Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Opíð daglega kl. 13:00-16:00.

BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR - Vesturgötu 6, Hf. 5554700. Sivertenshúsið opíð laugardaga og sunnudaga frá kl. 13:00-17:00.

FORN - NY - Lánhúð 1, Gb. 5658060. Íslenskt handverk úr smíðajárni.

FÓA FEYKIRÓFA - Skólavörðustíg 1a, Rvík. 5616620. Íslensk trédyr og verur, brúður og gamaldags leikföng.

GALLERÍ HORNIÐ - Hafnarstræti 15, Rvík. 5513340.

GALLERÍ HNOSS - Skólavörðustíg 22, Rvík. 5618484. Tréskurður, horn- og beinvinna, leðurvinna, myndverk o.fl.

GALLERÍ INGÓLFSSTRÆTI 8 - Ingólfsstræti 8, Rvík. 5513666.

GALLERÍ JÖRD Reykjavíkurgötu 66, Hf. 5552436. Myndlist, íslensk listið og kerlist.

GALLERÍ KLETTUR Helluhrauni 16, Hf. 5650785. Vinnustofur og gallerí 5 listamanna. Opíð laugard. kl. 10-14 og eftir samkomulagi.

GALLERÍ KOGGA - Vesturgötu 5, Rvík. 5526036. Leirlist Kolbrúnar Björgólfssdóttur.

GALLERÍ LIST - Skólavörðustíg 12, Rvík. 5524020. Listhandverk. Skipphóli 50b Rvík. 5814020. Íslenskir listmunir.

GALLERÍ SÆVARS KARLS - Bankastræti 7, Rvík. 5513470. Reykjavík í myndum; verk eftir ýmsa listamenn. 8. ágúst opnar Kristján Steingrímur Jónsson sýningu á sandblásnum og afmáðum verkum þekktara íslenskra listamanna af eldri kynslóð. Lítið inn í Bankastræti 7.

HAFNARBORG - Strandgötu 34, Hf. 5550080. Opíð kl. 12-18 alla daga nema þriðjudaga.

HAFNARHÚSIÐ - Hafnarstræti Rvík. 5526430. Konur, verk eftir Erró.

HALLGRÍMSKIRKJA - Skólavörðuholti Rvík. 5101000. Sýning á málverkum eftir Tryggva Ólafsson listmálará í andyrri.

HANDVERKSHÚS VÍKINGA - Strandgötu 50, Hf. 5654668. Tré- og beinútskurður, brúðgerð og skart í vikingastíl.

HID ÍSLENSKA REDASAFN - Laugavegi 24, Rvík. 5888705. Eina safn sinnar tegundar í heiminum. Opíð mán. & fim. 15:00-18:00, lau.-sun. 14:00-17:00.

HULDUHÓLAR - Hulduhólum, Mos. 5666194. Leirlist eftir Steinunni Marteinsdóttur.

INGA ELÍN - Skólavörðustíg 5, Rvík. 5522030. Listmunir úr gleri og keramik.

KIRSUBERJATRÉÐ - Vesturgötu 4 Rvík. 5628990. Framsækið og frumlegt.

KJARVALSSTADIR - v/Flókagötu Rvík. 5526131. Stíklað í traumum. Úrval verka úr eigin listasafni Reykjavíkur. Opíð daglega frá kl.10:00-18:00.

KRÍT - Vesturgötu 3, Rvík. 5515433. Vinnustofa og gallerí með leirlist.

KVIKA - Skólavörðustíg 17a, Rvík. 5513407. Handunnið leðurverk.

KVIKMYNDASAFN ÍSLANDS Vesturg. 11-13, Hf. 5655993. Opíð virka daga kl. 9-12:30

LISTAKAFFI hollusta og heilsa - Engjateigi 17, Rvík. 5684255. Katrín Snæhólm Baldursdóttir sýnir olíu- og akrílmýndir. Söluþing.

LISTASAFN ASÍ - Freyjugötu 41, Rvík. 5115353. Opíð þri.-sun. kl. 14:00-18:00. Lokað á mánuðögum.

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR - Njarðargötu Rvík. 5513797.

LISTASAFN ÍSLANDS - Frikirkjuvegi 7, Rvík. 5621000. Úrval íslenskrar myndlistar í eigin listasafni Íslands. Opíð daglega kl. 11:00-17:00. Lokað á mánuðögum.

LISTASAFN KÓPAVOGS, GERÐARSAFN - Hamraborg 4, Kóp. 5544501. Allt húsið. Quinate/Fimmet. Samsýning fimm kvenna: Anna Guðjónsd., Bryndis Snæbjörnsd., Ragna Róbertsd., Ragnheiður Hrafnkelsd. og Sólveig Aðalsteinsd. sýna málverk, ljósmyndir, innsetningar o.fl. Opíð þri.-sun. kl. 12:00-18:00. Lokað á mánuðögum.

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR - Laugarnestanga 70, Rvík. 5532906. Sýning á verkum Sigurjóns Ólafssonar. Gestasýning á verkum eftir Ninu Tryggvadóttur í efri sal. Tónleikar, kaffistofa með fallgu útsýni yfir sundin. Opíð lau.-sun. kl. 14:00-17:00.

LISTHÚS 39 - Strandgötu 39, Hf. 5655570. Grafík, leirlist, nytjalist, listmunir.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR - Borgartúni 1, Rvík. 5632530. Á aðra milljón mynda og filma frá fyrstu tíð. Opíð alla virka daga kl. 8:00-16:00.

MINJASAFN RAFMAGNSVEITU RÍKISINS - Rafstöðvarvegi Rvík. 5679009. Opíð sunnudaga kl. 14:00-16:00.

MYNTSAFN SEDLABANKANS - Einholti 4, Rvík. 5699600. Opíð alla virka daga kl. 9:15-16:00.

NÁTTÚRUFREÐISTOFNUN ÍSLANDS - Hlemmi 3, Rvík. 5629822. Opíð þri., fim., lau., sun. kl. 13:30-16:00.

NESSTOFA - Neströð, Seltj. 5611016. Læknaminjasafn & isl. lyfjafraeðisafnið. Opíð samkvæmt samkomulagi.

NORRÆNA HÚSIÐ - v/Hringbraut Rvík. 5517030. Þeirra mál eí talar tunga; íslandsdattur í myndlist; Myndlist íslenskra kvenna síðustu hálftrar annarrar

Gallerí og söfn

aldar. Opíð kl. 13-18 alla daga nema mánudaga.

NYLISTASAFNIÐ - Vatnsstíg 3b, Rvík. 5514350. Listamenn á Barmi Einhvers. Ásmundur Ásmundsson, Erling P.V. Klingenberg, Magnús Sigurðarson ásamt þremur vinum sínum. Stendur til 26. júlí.

Sýning á verkum eftir Roman Signer. Stendur til 26. júlí.

Opíð þri.-sun. kl. 14:00-18:00. Lokað á mánuðögum. Þorvaldur Þorsteinsson, „Söngskemmtun“ Stendur til 26. júlí. 20m2 Vesturgata 10a kjallara Opíð miðvikudaga til sunnudaga frá kl.: 15:00 - 18:00

POST- OG SÍMAMINJASAFNIÐ - Austurgötu 11, Hf. 5554321. Opíð þriðjudaga og sunnudaga kl. 15:00-18:00.

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR - Vonarstræti Rvík. 5632000. Málverkasýning eftir Birgi Schöth.

RIKEY GUDMUNDSÓTTIR - Hverfisgötu 59, Rvík. 5523218. Verk Ríkeyjar Guðmundsdóttur.

SJÓMINJASAFN ÍSLANDS - Vesturgötu 8, Hf. 5654242. Opíð um helgar kl. 13:00-17:00.

SKRUGGUSTEINN - Hamraborg 20a, Kóp. 5540770. Vinnustofa og listagallerí.

SMÍÐAR OG SKART - Skólavörðustíg 16a, Rvík. 5614090. Gallerí með verkum 50 lista- og handverksmanna.

SNEGLA LISTHÚS - Grettisgötu 7, Rvík. 5620426. Textill, leirlist, kort, skartgripir, myndverk o.fl.

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR - Arnagarði, v/Suðurgötu Rvík. 5254010. Opíð þri., mið., og fim., frá kl. 14:00-16:00.


STRANDLENGJAN Útsýning Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík. Höggmyndir og listaverk meðfram göngutúnum eftir strandlengjunni frá Sörlaskjalli að vestan allt að Kringslóðarbraut að austan.

STÖDLAKOT - Bókhöfundstíg 6, Rvík. 5526505. Ýmsar sýningar. TEXTÍLKJALLARINN - Barónsstíg 59, Rvík. 5513584. Textill, taulþrykk og handmálun.

TRÉ-LIST - Engjateigi 17, Rvík. 5531580. Listhandverk úr tré.

ÞJÓÐARBÓKHLADAN - Arngrímögötu 3, Rvík. 5255600.

ÞJÓDMINJASAFN ÍSLANDS - Suðurgötu 41, Rvík. 5528888. Opíð alla daga. kl. 11:00-17:00 nema mánud.



Gerður Helgadóttir
Skúlpútur 1973

Suðurnes

BYGGÐASAFN VID GARDSKAGAVITA - 4227108

BYGGÐASAFN SUÐURNESJA - Vatnsnesvegi 8. Kefl. 4213155. Opíð sundn. kl. 14-17.

FRÆÐASETRID - Sandgerði, 4237551. Opíð dagl. kl. 13-17.

POPPMINJASAFNIÐ - Veitingahúsinu Glóðinni, Keflavík, 4211777.

Suðurland

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA - í Húsinu á Eyrarbakka. 4831082. Opíð alla daga kl. 10-18.

BYGGÐASAFNIÐ Í SKÓGUM - 4878845. Opíð kl. 9-19.

BYGGÐASAFN VESTMANNAEYJA - Ráðhúströð, 4811194. Opíð dagl. kl. 14-17.

GRUNDARSAFN - Austurmörk 2, Hveragerði, 4834280. Íslenskar þjóðlífsmyndir Sigfróar Kjarnar. Opíð þri., fi., lau., su., kl. 14-18.

INNGANGSHÚS við hverasvæði - Hveramörk 13, Hveragerði, 4835062. Fræðsla um hverasvæði og hveralíf fræði.

KELDUR - Rangárvöllum, 4878458. Minjasafn í einu af elstu húsum landsins, opíð dagl. kl. 10-18.

KIRKJUBEJARSTOFA - 4874645.

LISTA- OG DÝRASAFN ÁRNESINGA - Tryggvagötu 23, Selfossi, 4822703. Opíð alla daga kl. 14-17

NÁTTÚRUGRIPASAFN VESTMANNAEYJA - Heiðarvegi 12, Vestmannaeyjum, 4811997. Opíð dagl. kl. 11-17

SJÓMINJASAFN ÁRNESINGA - Túngötu, Eyrarbakka, 4831443. Opíð dagl. kl. 13-18.

LISTAGALLERÍ SÓLGARÐUR - Lækjarbakka,

Gaulverjabæ, 4863391.

LISTASKÁLINN Í HVERAGERÐI - Austurmörk 21, 4835071.

SÆLUBÚIÐ - Hvolsvelli, 4878781. Njálusýning.

RJÓMABÚIÐ Á BAUGUSTÖÐUM - 4833369. Opíð um helgar kl. 13-18

ÞJÓDVELDISÆRINN Í ÞJÓRSÁRDAL - 4877713. Eftirmynd forna bæjarins að Stöng, opíð alla daga kl. 10-18.

Vesturland

BÚVÉLASAFNIÐ Á HVANNEYRI - 437000. Opíð eftir samkomulagi

BYGGÐASAFN Í GÖRDUM - Akranesi, 4311255. Opíð dagl. kl. 10:30-16:30

LISTASETRID KIRKJUHOLL - við Merkigerði, Akranesi, 4314580. Opíð dagl. kl. 15-18.

NORSKA HÚSIÐ - Hafnargötu 5, Stykkishólmi, 4381640. Opíð dag. kl. 11-17.

SAFNAHÚS BORGARFJARÐAR - Bjarnarbraut 4-6, 4372127. Bókasafn, byggðasafn, skjalasafn, náttúrgripasafn og listasafn. Opíð daglega kl. 14-18.

SNORRASTOFA - Reykholti. 4351490. Kynning á verkum Snorra Sturlusonar og annarra sem komið hafa við sögu staðarins.

Vestfirðir

SJÓMINJASAFN VESTFJARÐA - Neðstakaupstað, 4564418. Opíð dagl. kl. 13-17.

SLUNKARÍKI - Aðalstræti 22, 4564731.

Norðurland eystra

AMTSBÓKASAFNIÐ - Brekkugötu 17, Akureyri, 4624141. Opíð virka daga kl. 10-; lau. kl. 10-15.

DAVÍDSHÚS - Bjarkarstíg 6, Akureyri, 4627498. Heimili Davíðs Stefánssonar skálds.

FRÆÐAGARÐURINN KVIKA - Mývatni, 4644490. Fróðleikur um náttúrfar Mývatnssveitar.

GRENJADARSTADUR - Aðaldal, 8812435. Kirkja og byggðasafn í gömlum torfbæ. Opíð dagl. kl. 10-18.

HVALAMIBSTÖÐIN - Ketilsbraut 22, Húsavík, 4642520.

LISTASAFNIÐ - Kaupvangsstræti 24, Akureyri, 4612610. Opíð alla daga nema mánud. kl. 14-18.

LAUFÁS - Eyjafirði. 4633106. Kirkja og byggðasafn í gömlum torfbæ. Opíð dagl. kl. 10-18.

MINJASAFN AKUREYRAR - Aðalstræti 58, 4624162. Opíð virka daga kl. 11-17; sun. kl. 14-16.

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ - Hafnarstræti 31, Akureyri, 4622983. Opíð kl. 10-17.

NONNAHÚS - Aðalstræti 54, Akureyri, 4623555. Bernskuheimili „Nonna“, Jóns Sveinssonar jesúítaprests og rithöfundar. Opíð daglega kl. 10-17

SAFNAHÚSIÐ HÚSAVÍK - stóragarði 17, 4641860. Opíð dagl. kl. 10-17.

SIGURHÆDIR - Eyrarlandsvegi 3, Akureyri, 4611765. Heimili Matthíasar Jochumssonar. Opíð dagl. kl. 14-16.

STEINGERVINGASAFN - Hallbjarnarstöðum, Tjörnesi., 4641968. Opíð dagl. kl. 9-20.

Norðurland vestra

BYGGÐASAFN REYKJUM - Hrutafirði, 4510040. Opíð dagl. kl. 10-19.

GALLERÍ BARDÚSA - VERSLUNARMINJASAFN - Gamla pakkhúsinu v/Brekkugötu, Hvammstanga. 4512405. Opíð daglega.

GLAUMBÆR, BYGGÐASAFN SKAGAFIRÐINGA - 4536173. Opíð dagl. kl. 9-18.

HEIMILISÖNADARSAFNIÐ - Blönduósi, 4524153. Heimilissöfnadur og byggðasafn. Opíð virka daga kl. 15-17.

HÓLAR Í HJALTADAL - Ríðum heim til Hóla, sýning á gömlum munum er tengjast notkun hestisins. Sýning á líffræði í íslenskum vötnum.

NÁTTÚRUGRIPASAFN SKAGAFIRÐAR - Varmahlóarskóla. 4538130.

SÍLDARMINJASAFNIÐ - Roaldsbrakka við Snorrargötu, Siglufirði, 4671604. Opíð dagl. kl. 10-18.

VESTURFARASETRID - Hofsósi, 4537935. Opíð dagl. kl. 11-18.

Austurland

MINJASAFN AUSTURLANDS - Laufskógum 1, Eimasstöðum, 4711412. Opíð alla daga kl. 11-17 nema mánudaga.

SÆNAUTASEL í Jökuldalsheiði, gamall endurgerður bær. Opíð daglega.

ÁLFASTEINN - Borgarfirði eystra, 4729977. Steinasafn.

TÆKNIMINJASAFN AUSTURLANDS - Hafnargötu 44, Seyðisfirði, 4721596. Opíð kl. 14-17 alla daga nema mánud.

SJÓMINJA- OG BYGGÐASAFN - Strandgötu, Eskifirði, 4761179. Opíð dagl. kl. 14-17

STRÍDSMINJASAFNIÐ - Hæðargerði Reyðarfirði, 4741245. Opíð dagl. kl. 13-17

STEINASAFN PETRU SVEINSDÓTTUR - Sunnhlíð, Stöðvarfirði, 4758834. Opíð eftir samkomulagi.

LANGABÆR - Djúpvaggi, 4788220. Safn Ríkarðs Jónssonar myndskera og minningarstofa um Eysteinn Jónsson og Sólveigu Eujólfssdóttur. Opíð dagl. kl. 11-18.

BYGGÐASAFN AUSTUR-SKAFTFELLINGA - Hafnarbraut, Höfn Hornafirði, 4781833. Opíð dagl.

Heita vatnið er *perla* borgarinnar

Sitt sýndist hverjum þegar Perlan var byggð, þótt flestir væru líklega sammála um að eitthvað mætti gera hitaveitutönkunum á Öskjuhlíðinni til þrýði. En þegar búíð var að ákveða að byggja ofan á tankana og framkvæmdir hófust urðu heitar umræður meðal borgarbúa um bygginguna. Sumum fannst hún ljót, öðrum falleg, mörgum þótti hún of dýr, öðrum fannst allt í lagi að setja peninga í hana. En nú er hún komin til að vera og flestir borgarbúar og landsmenn líklega búnir að setta sig við hana þar sem hún gnæfir þarna uppi á Öskjuhlíðinni og stírnir á hana á dimmum vetrarkvöldum. Perlan er hún kölluð og þykir nafnið hæfa henni vel.

Forsvarsmenn Hitaveitu Reykjavíkur fylgja þeirri stefnu að gera Perluna og umhverfi hennar að fjölskylduvænu svæði svo að fólk geti komið þangað sér bæði til fróðleiks og skemmtunar. Þar má meðal annars nefna útsýnisvalirnar ofan á tönkunum sjálfum þar sem eru örnefnaskífur og kíkir til hverrar áttar, ásamt að sjálfsögðu gosbrunninum inni í húsinu miðju. Ísland liggur á Norður-Atlantshafshryggnum eins og menn vita og yfir þvert landið liggur eldvirkt sprungubelti þar sem heitt jarðvatn, eldfjöll og alls kyns hverir eru á hverju strái. Þekktastir þessara hvera eru væntanlega

goshverirnir Geysir og Strokkur í Haukadal í Biskupstungum. Geysir er líklega einn frægasti hver í heiminum öllum enda heitir þetta náttúru-fyrirbrigði „geysir“ á hinum ýmsu erlendu tungumálum. Hann liggur í dái blessaður og við verðum að láta okkur nægja að sýna túristunum Strokk sem gýs mun lægra en Geysir gerði þegar hann var og hét.

Borgin reyklausa

Þetta heita jarðvatn gefur okkur á þessu kalda landi mikla sérstöðu og búseta hér hefur tekið stakkaskiptum eftir að farið var að virkja það í sveitarfélögum út um allt land. Fyrsta hitaveitan kom í Reykjavík sem fékk við það viðurnefnið Borgin reyklausa þegar kolareykurinn sveif ekki lengur í skjújum yfir borginni. En fyrirtækið Hitaveita Reykjavíkur er ekkert sérstaklega sýnileg og við lítum dálítið á heita vatnið sem sjálfsagðan hlut nú orðið þegar við skrifum frá krananum eða förum í sund. Því má segja að með byggingu Perlunnar hafi Hitaveita Reykjavíkur gert sig gildandi á meira áberandi hátt í hugum okkar borgarbúa og við séum að vissu leyti meðvitaðri um hvaða hlutverki hún gegnir þegar við horfum á glerhvolfið ofan á tönkunum í Öskjuhlíðinni.


Gosvirkið í hlíðinni

En nú hefur Hitaveitan enn bætt um betur og látið útbúa gosvirki sem líkir eftir hegðun alvöru goshvera austan megin í Öskjuhlíðinni rétt neðan við Perluna, borgarbúum og öðrum til skemmtunar og fræðslu. Boruð var 30 metra djúp hola ofan í jörðina og í hana sett stálrör með inntaki fyrir vatnsleiðslu. Um leiðsluna er leitt 125° heitt jarðhitavatn. Efst í stálrörinu er komið fyrir þrengingu eða mjórna röri sem skipta má um og ræður sá búnaður hæð gossins. Svona heitt vatn sýður vitaskuld og þá myndast loftbóla í stálrörinu og þegar þenslan er orðin nægileg gýs vatnið upp um þrenginguna. Steinlögð skál er umhverfis opið rétt eins og í alvöru hver sem tekur við vatninu þegar það fellur til jarðar aftur.

Að hringsnúast

En Perlan er ekki eingöngu útsýnis- og goshverastaður því þar er ísbúð sem býður upp á eitt fjölbreyttasta ísúrval bæjarins og ekki amalegt að sleikja ís úti á tönkunum í góðu veðri og horfa í kringum sig. Uppi í sjálfu glerhvolfinu er auk þess eitt fínasta veitingahús borgarinnar þar sem hægt er að njóta ljúffengra rétta um leið og gólf salarins snýst í heilan hring á klukkustund innan í glerhvolfinu svo maður getur notið útsýnisins í allar áttir.

Vinsælt er að fara þangað á gamlárskvöld því að á engum stað má njóta flugeldaskothríðar borgarbúa eins vel og þar.





A fögru sumarkvöldi er ekki aldeilis amalegt að fara upp í Perlu og borða þar dýrindis mat og njóta útsýnisins yfir borgina og fjallahringinn allan eins og hann leggur sig. Sundin og vogarnir himinblá, gróður allur í blóma og himinninn heiður og sólgullinn. Og gólfíð í Perlunni snýst heilan hring, hægt og tignarlega svo að útsýnið breytist stöðugt. Maturinn bráðnar uppi í manni og vínið blikar í glösunum.



Þegar inn kemur tekur yfirþjónninn á móti okkur og býður okkur að setjast upp á barinn sem er á upphækkun inni í miðju glerhvolfinu svo sér út allan hringinn og niður í veitingasalinn. Þar er sérstaklega boðið upp á kokteila eftir Bárð Guðlaugsson þjón en hann varð heimsmeistari í blöndun kokteila árið 1993 og það svikur engan að prófa þessar guðaveigar við mjúkláta dinnertónlist sem Reynir Sigurðsson spilar á flygilinn. Matseðlarnir gera manni dálítið erfitt fyrir því það er svo margt sem manngangur í, hver rétturinn öðrum girnilegri stendur til boða. Niðurstaðan verður annars vegar ár hafsins sem er fimm rétta sjávarréttamatseðill og hins vegar barri í forrétt og önd í aðalrétt. Vínið látum við þjónninn um að velja fyrir okkur, eitthvað sem hentar sameiginlega, og verðum ekki fyrir vonbrigðum með Gewürstraminer í hárrí kóngablárrí flösku sem rennur ljúflega niður, hvort heldur er með fiski eða fuglakjöti.

Sofna ekki á verðinum

Þeir Perlumenn vita alveg hvað þeir eru með í höndunum og eru ekkert að gera sér upp neina falska hógværd. Við erum hér með margverðlaunada kokka og þjóna og glæsilegustu umgjörð borgarinnar utan um eitt veitingahús, segir Stefán Sigurðsson veitingamaður, svo að það væri bara kjánalegt að gera sér upp eitthvert lítillæti. En okkar markmið er að gestirnir séu ánægðir og því erum við alltaf að reyna að gera enn betur. Það er bara hluti af svona rekstri. Maður má aldrei sofna á verðinum. Enda værum við ekki búnir að sjá um veislur forsetaembættisins síðast liðin fjórtán ár ef við hefðum gert það. En það er staðreynd þótt ekki hafi farið mikið fyrir því út á við. Stundum höfum við þurft að sjá um þrjár veislur í röð fyrir embættið, eina á Bessastöðum, aðra í Höfða og þá þriðju í Viðeyjarstofu. Það gat stundum orðið nokkuð stíft.



Gullna keppnin

Einn aðalkokkurinn okkar, Sturla Birgisson, sem varð matreiðslumaður ársins 1996, varð núna þeirrar virðingar aðnjótandi að vera boðið að taka þátt í Paul Bocuse D'Or eða Gullnu Paul

Bocuse keppninni í Frakklandi þegar hún verður haldin næst í janúar á komandi ári. Þessi keppni er aðeins haldin á fjögurra ára fresti og er ein allra virtasta matreiðslukeppni í heimi og fá aðeins 22 þjóðir að taka þátt í henni. Það er til marks um hvað hún er mikils metin að Norðmenn sem leggja nú alla áherslu á að markaðssetja þorsk, settu milli 60 og 70 milljónir í þessa keppni eingöngu til að tryggja að aðalréttir keppendanna séu allir með þorsk að grunnhráefni. Það er náttúrulega feikilega mikils virði fyrir okkur að vera með kokk sem tekur þátt í þessari keppni og við gerum okkar besta til að standa undir því.

Tilraunastarfssemi

Kokkarnir okkar, bakameistararnir og þjónarnir, að ekki sé talað um nemana, fá að gera allar þær tilraunir sem þeir vilja og við stöndum hundrað prósent við bakið á þeim. Ef þeir vilja fá eitthvert sérstakt hráefni þá fá þeir það, jafnvel þótt við þessir gömlu vitum að það er út í hött. En þeir fá að prófa og maður brosir bara út í annað. En þessi stefna margborgar sig því oft kemur eitthvað nýtt og spennandi fram og þá er gaman að lifa og eins er starfsfólkið ánæggt og finnur að störf þess og hugmyndaflug er metið að verðleikum. Annad sem við teljum mjög mikilvægt er að við getum breytt matseðlinum með mjög stuttum fyrirvara, samdægurs ef því er að skipta, til dæmis ef nýtt hráefni býðst skyndilega, einkum fiskur. Íslendingar eru farnir að borða fisk í miklum mun meira mæli en hér áður fyrr. Þá þótti hreinlega ekki við hæfi að borða fisk ef menn fóru út að borða. Nú fer fólk út að borða til að fá vel matreiddan fisk. Og ég þori að fullyrða að langflestir kokkar fá sér fisk nú orðið þegar þeir fara út að borða, segir Stefán Sigurðsson



veitingamaður í Perlunni að lokum.



Áhugaverðir staðir á Vesturlandi

Deildartunga er stórbýli í neðanverðum Reykholtisdal. Þar er vatnsmesti hver landsins, Deildartunguhver, sem gýs 180 l/sek af 100° heitu vatni. Við hverinn vex afbrigði af burknunum skollakambi sem hvergi finnst annars staðar hér á landi. Deildartunguhver er friðað náttúruvætti.

Eldborg er sérstaklega formfagur gígur í Hnappadal á Mýrum sem rís um 60 m yfir hraunið í kring. Hann er um 200 metrar í þvermál og 50 metra djúpur. Eldborg stendur á stuttri gossprungu og myndaðist fyrir um 5 – 8 þúsund árum.

Grábrókarhraun. Úfið apalhraun í Norðurárdal, mjög vaxið mosa, lyngi og trjágróðri. Talið er að hraunið sé 2-3 þúsund ára gamalt og hefur það



runnið úr Grábrókargígum sem eru sérkennilegir gjallgígar. Fjallið Grábrók rís upp úr hrauninu rétt austan við Bifröst og liggur göngustígur upp á það.

Arnarstapi. Útgerðarstaður á sunnanverðu Snæfellsnesi. Ströndin er afar fögur og sérkennileg og hefur sjávargangur sjávarhellanna nokkuð frá bjargbrúninni. Í stórbrimi gýs sjórinn upp um opin svo brimsúlurnar þeytast hátt í loft upp. Gatklettur er sérkennilegur klettur vestur með ströndinni.



Fimmtudagur

16

ÍPRÓTTIR

Fimmtudagskeppni á kænnum Á Skerjafirði. Siglingafélagin Ýmir í Kópavogi og Brokey í Reykjavík sjá um keppnina sem hefst kl. 19:00
Æskulýðsmót FEIF Gaddstaðflötum við Hellu
Meistaramót allra golfklúbba landsins Héraðsmót HSH í frjálsum íþróttum. Stykkishólmi.

LISTIR & MENNING

Iðnó kl. 20:00 - Þjónn í súpunni, gamanleikur eftir Árna Ibsen – frumsýning; leikarar: Bessi Bjarnason, Edda Björgvinsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Stefán Karl. Leikstj.: María Sigurðardóttir.
Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi kl. 20.00. Sumarsöngleikurinn Grease
Kaffileikhúsið Vestugötu kl. 21.00: Stigild popplög, kanadíska djassöngkonan

Tena Palmer ásamt hljómsveitinni João flytur brasilíska sömbu og bossa nova tónlist.

Deiglan Akureyri kl. 13: Sumarháskólinn. Fræðslu og ævintýraferð. Skógarganga um Kjarnaskóg í samvinnu við Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Deiglan Akureyri kl. 21.30: Heitur fimmtudagur, Tuborg-Djass/Djasskl. Ak. KRÓKÓDÍLLINN bræðingsdjass. Sigurður Flosason o.fl.

Minjasafnaskirkjan Akureyri kl. 21: Söngvaka. Hjörleifur Hjartarson og Rósa Kristín Baldursdóttir ferðast um íslenska sönghefðarsögu.
Ísafjörður Sumarkvöld í Neðstakaupstað: Þjóðtrú, sögur og sagnir af fyrirbrigðum.

Föstudagur

17

ÍPRÓTTIR

Æskulýðsmót FEIF Gaddstaðflötum
Félagsmót hestamannafélagsins Storms, Söndum, Dýrafirði
Meistaramót allra golfklúbba landsins

LISTIR & MENNING

Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi kl. 20.00.
Sumarsöngleikurinn Grease
Íslenska óperan kl. 20:00. Carmen Negra
Kaffileikhúsið Vestugötu kl. 22.00: Megasukk. Megas á tónleikum með döttunum Súkkat.
Norræna húsið kl. 12.00 og 17.00
Ungir finnskir fíðuleikarar leika þjóðlög frá Finnlandi

ÚTIVIST

Útivist. Helgarferðir: Skælingar-Uxatindar kl. 8:00 Ekið í Eldgjá. Gengið í Skælinga, sérstætt ævintýraland í Skaftárheppi. Gengið á Gjátind og Uxatinda. Gist í fallegum gangnamannakofa, hlöðnum úr hraungryti, sem Útivist hefur nýlokið endurbyggingu á. Báasar kl. 20:00 Ekið í Bása á föstudagskvöldi. Eins og jafnan er boðið upp á skipulagðar gönguferðir. Nú er hásumar á Goðalandi, blóm, fuglalíf og náttúran öll í fegursta skruða.
Fimmvörðuháls, næturganga kl. 20:00 Farið er á föstudagskvöldi úr bænum og ekið að Skógum þar sem gangan hefst. Gengið er um nóttina frá Skógum, upp með Skógaá í Fimmvörðuskála. Á laugardeginum er svo gengið áfram yfir í Bása.

Hagleiksmaðurinn Axel

Menn dunda sér við ýmislegt í frístundum, og í sumum tilfellum kemur að því að menn geta haft af slíku nokkra atvinnu. Þannig er með handverksmanninn Axel Björnsson sem vinnur í tré, sker bæði út og smíðar skemmtilega gripi. Skógræktarfélag Stykkishólms fékk hann til að skera út skilti á nýtt hús félagsins, nafn þess ásamt nöfnum styrktaraðilanna þar sem Stykkishólmsbær er fremstur meðal jafningja.

En Axel gerir fleira en að skera út skilti, þótt



þau taki stöðugt meiri tíma vegna aukinna vinsælda þeirra. Hann smíðar til dæmis fuglahús sem fólk setur upp í gördum

sínum eða við sumarbústaðinn. Og vögguna hér á myndinni efst til hægri er hann nýbúinn að gera handa tilvonandi barnabarni sínu. Víst er að ekki mun væsa um hvítvöðunginn sem verður vaggð í angandi viðnum.



Laugardagur

18 ÍPRÓTTIR

Siglingamót Kjölbátar Sundin Brokey
Æskulýðsmót FEIF Gaddstaðflötum við Helli
Hestamannafélagið Stormur, félagsmót Söndum Dýrafirði
Hestamannafélagin Blakkur/Kinnskar Hestaþing Heiðarbæjum
Landsímadeildin: Vestmannaeyjavöllur 14.00 ÍBV - Þróttur R. Keflavíkurvöllur 14.00 Keflavík - ÍA
Meistaramót allra golfklúbba landsins Golfkl. Eskifjarðar
Austurlandsmeistaramót 36 h
Meistaramót öldunga í frjálsum íþróttum. Varmá.
Héranðsmót UMSE í frjálsum íþróttum. Dalvík.

LISTIR & MENNING

Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi kl. 20.00. Sumarsöngleikurinn Grease

Norræna húsið kl. 16.00 „En sommardag í körlýrik och folkton“; kór og fiðluleikarar frá Finnlandi flytja fjölbreytta dagskrá
Íðnó kl. 20:00 - Þjónn í súpunni, gamanleikur eftir Arna Ibsen
Íslenska óperan kl. 20:00. Carmen Nagra

Listasafnið á Akureyri opnun kl. 16: GROUND. Kristján Guðmundsson, Allan Johnston frá Skotlandi og Franz Graf frá Austurríki. Teikning sem grunnur listsköpunar og tjáningaraðferðir. Mývatn Sumartónleikar á Norðurlandi, Reykjavíðarkirkja kl. 21:00 Drangnes Bryggjuhátið Aratunga Skógardagur í Haukadal, fjölbreytt dagskrá, fræðsla og skemmtun fyrir alla fjölskylduna

ÚTIVIST

Ferðafélag Íslands kl. 08:00 Þórisdalur-Prestahnúkur
Útivist, helgarferð: Fimmvörðuháls kl. 8:30 Gengið frá Skógafossi á hádegi á laugardegi, upp með Skógaá og í Fimmvörðuskála. Á sunnudegi er gengið niður í Bása.



Sunnudagur

19 ÍPRÓTTIR

Landsímadeildin
ÍR-völlur 16.00 ÍR - Grindavík
Laugardalsvöllur 20.00 Fram - Leiftur
Meistaramót allra golfklúbba landsins Golfkl. Eskifjarðar
Austurlandsmeistaramót 36 h
Meistaramót öldunga í frjálsum íþróttum. Varmá.
Kastmót Eggerts Bogasonar. Kaplakrikavelli.

LISTIR & MENNING

Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi kl. 20.00. Sumarsöngleikurinn Grease
Norræna húsið kl. 16.00 Carita Björkstrand fil. lic. frá Finnlandi flytur fyrirlestur um kvenfrumkvöðla í finnskri tónlist
Hallgrímskirkja kl. 20:30 Sumarkvöld við orgelið, Jörg Sondermann organisti við Hveragerðiskirkju leikur orgelverk eftir Ritter og Bach
Íðnó kl. 20:00 - Þjónn í súpunni, gamanleikur eftir Arna Ibsen

Akureyrarkirkja kl. 17: Sumartónleikar á Norðurlandi. Gunnar Kvaran selló, Haukur Guðlaugsson orgel. Aðgangur ókeypis.
Minjasafnið Akureyri kl. 14 -17: Starfsdagur í gamla bænum að Laufási. Sýnd verða gömul vinnubröð úti og inni.

ÚTIVIST

Ferðafélag Íslands kl. 10:30 Akrafjall (ekið um Hvalfjarðargöng) (H-4)
Vestfirðir Sandkastalakeppni Melanesi
Útivist Kl. 10:30 Fjallasyrpa. 5. fjall, Hengill. Gengið upp Sleggjubensdal, um hrygginn ofan við Engidal á Skeggja og niður á Kýrdalshrygg, að Nesjavöllum og drukkið kaffi.

ANNAÐ

Árbæjarsafn Sýning á gömlum mótörhjólum. Félagsmenn í Vjelhjólafélagi gamlingja koma í heimsókn, sýna gömlu hjólin sín og spjalla við gesti um vélfáka fyrr og nú.

Með stórhvelum við Snæfellsnes

Fátt hefur vakið eins mikla athygli að undanfögnu og væntanleg koma háhyrningsins Keikós til Íslands. En því skyldu menn einblína á hann þegar þúsundir háhyrninga og annarra hvala synda í sjónum allt í kringum landið? Núorðið bjóða mörg fyrirtæki upp á hvalaskoðunarferðir og flest geta lofað því að einhverjir hvalir sjást í hverri ferð. Skip og bátar eru þó misjöfn að stærð og aðbúnaði. Eitt hafsvæði við Íslandstrendur hefur nokkra sérstöðu, en það eru miðin undan Snæfellsjökli. Þar er nefnilega talið að séu mestu steypireyðarmið á gervallri jörðinni.

Með opnun Hvalfjarðargangana má segja að Snæfellsnesið sé komið inn fyrir mörk hins hefðbundna sunnudagsbíltúrs frá Reykjavík. Þannig er vel hægt að fara á einum degi vestur, bregða sér í hvalaskoðun, siglingu um Breiðafjarðareyjar eða skjótast á Jökullinn, og ná svo heim snemma kvölds.

Fyrirtækið Eyjaferðir gerir út skipið Brimrúnu til hvalaskoðunar frá Ólafsvík. Brimrúna er líklega eitt hraðskreiddasta og best búna hvalaskoðunarskipið í landinu. Það er tvíbotna og því afar stöðugt og nær allt að 23 sjómílna hraða á klukkustund



þannig að hægt er að komast yfir stórt svæði meðan á ferðinni stendur. Eyjaferðir gera einnig út bát frá Stykkishólmi í ferðir um Breiðafjarðareyjar.

Útsendari Hér og nú fór nýlega að skoða hvali með Eyjaferðum. Það var hjart og fagurt veður undir Jökli þennan dag er við lögðum upp frá Ólafsvík. Jökullinn gnæfði við himinn og í norðri sást Látrabjarg vel. Um borð var blandaður hópur innlendra og erlendra ferðamanna, mest áberandi var þó lið kvikmyndatökumanna frá breska ríkissjónvarpinu BBC. Fæstir sem voru með í för höfðu nokkurn tímann litið lifandi hval augum.

Við hyrjuðum á því að sigla í hálfhring umhverfis Snæfellsjökul, nokkuð nálægt landi, þannig að vel mátti sjá Svörtuloft, sem eru hrikaleg hamrabelti við ströndina suður frá Öndverðarnesi. Á leiðinni út sjáum við höfrunga stökkva, en ekki er fengist um þá núna, við erum að leita að stórhvelum.

Allir viðstaddir, bæði farþegar og áhöfn, fá nú fyrirmæli frá skipstjóra um að skima vandlega eftir hvalablæstri. Skyndilega rista háir svartir uggar hafflötinn. Parna eru komnir þeir frændur Keikós, háhyrningarnir. Bátum er snúið í skyndi og við fylgjumst með þessum fallegu



Mánudagur

20

ÍPRÓTTIR

Landsímadeildin Valsvöllur
20.00 Valur - KR

LISTIR & MENNING

Gallerí Sölva Helgasonar, Lónkoti,
Sléttuhlíð; Opnun á verkum

Sigurrosar Stefánsdóttur
Deiglan Akureyri kl. 20.30:
SPROTAR, ungt og upprennandi
íslenskt og erlent tónlistarfólk:
Gítarkvartettinn MOSAIC frá
Barcelona. Aðgangseyrir rennur
óskiptur til listamanna.

Júlí 1998



Þriðjudagur

21

ÍPRÓTTIR

Þriðjudagskeppni kjölbáta
Ytri höfnin í Reykjavík. Kl.
19:00 í umsjá Brokeyjar,
siglingafélags Reykjavíkur
Knattspyrna; Meistardeild kv.
Ásvellir 20.00 Haukar - KR;
Vestmannaeyjavöllur 20.00 ÍBV -
Stjarnan; Kópavogsvöllur 20.00
Breiðablik - IA; Valsvöllur 20.00
Valur - Fjölnir

LISTIR & MENNING

Norræna húsið kl. 16.00
Kvikmyndin Ingaló; Ásdís
Thoroddsen leikstjóri ræðir við
áhorfendur eftir kvikmynda-
sýninguna
Íðnó kl. 20:30 Tónleikaröð:
Söngkonur í sumarskapi - Fjórar
klassískar
Listasafn Sigurjóns Þriðjudags-
leikar kl. 20:30. Hildigunnur
Halldórsdóttir fiðla og Örn
Magnússon píanó leika verk eftir

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, J.
Sibelius og E. Grieg.

Deiglan Akureyri kl. 13:
Sumarháskólinn. Fyrirlestur fyrir
erlenda ferðamenn (nánar auglýst
síðar).

Deiglan Akureyri kl. 20.30:
SPROTAR, ungt og upprennandi
íslenskt tónlistarfólk, Hrafnkell Orri
Egilsson, selló og Árni Heimir
Ingólfsson, píanó. Aðgangseyrir
rennur óskiptur til listamanna.
Minjasafnskirkjan Akureyri kl. 21:
Söngvaka. Hjörleifur Hjartarson og
Rósa Kristín Baldursdóttir ferðast
um íslenska sönghefðarsögu.

ÚTIVIST

Íþróttir fyrir alla og Íslenski
Fjallahjólaklúbburinn bjóða upp á
skipulagðar hjólréiðuferðir um
borgina og næsta nágrenni. Lagt er af
stað úr Mjóddinni í Breiðholti
klukkan 20.00.

svörtu og hvítu dýrum leika sér í öldunum. Þeir stinga sér og við skimum í allar áttir, – eftir stutta stund koma þeir upp aftur og við getum haldið áfram að dást að þeim. Steypireyðurin hefur ekki enn látið sjá sig svo skipstjórinn snýr skipinu í vestur og setur á fulla ferð frá landi og Snæfellsjökull minnkar og minnkar í blámanum. Eftir hálf tíma stím sést blástur, þær eru fimm saman í þetta skiptið. Oft eru þær þó mun fleiri, stundum sjást nokkrir tugir í einni ferð. Skipið er stöðvað í skyndi og við fyllumst öll lotningu og jafnvel smá beyg. Myndatökumennirnir frá BBC kvikmynda í gríð og erg. Það eru engin hvolpalæti í þessum risum, hérna gerist allt hægt öfugt við höfrungana og háhyrningana. Steypireyðurin er ekki aðeins stærsta dýr jarðar, heldur er hún stærsta dýr sem vitað er til að hafi nokkru sinni lifað á jörðinni, miklu stærri en stærstu risaædlur. Fullvaxið dýr getur orðið 33 metrar á lengd og náð allt að 190 tonna þunga. Bara sporðurinn er á stærð við fótboltamark. Hún étur



hvorki meira né minna en fjögur tonn á dag, en það samsvarar þyngd fullvaxins Afríkufíls. Og þarna bylta þær sér og hverfa í djúpið og nú þurfum við að bíða mun lengur heldur en eftir háhyrningunum. Steypireyðurin kafar gjarnan í tíu til fimmtán mínútur en þessar eru skemur niðri núna. Við skimum spennt um hafflötinn, bátnum er snúið, skipverjar reyna að giska á hvar þær komi næst upp, – þarna rísa blá bökin aftur úr sæ og blásturinn stendur í strók fimm til sex metra upp í loftið. Við fylgjum í humáttina á eftir þeim góða stund.

Að lokum er svo siglt aftur til Ólafsvíkur og ferðafólkið er sammála um að þetta hafi verið ævintýrleg reynsla.

STÓRHVALASKOÐUN

á best búnu farþegabátum
landsins daglega frá Ólafsvík
Tilboð í tilefni opunar
Hvalfjarðarganganna - 10%



Einstaklingar sem framvísa kvittun fyrir gegnumakstur fá 10% afslátt í hvalaskoðun

Bókanir og upplýsingar
í síma 438 1450
EYJAFERÐIR
Stykkishólmur

Nina Pavlovski á Reykholtshátíð



Dagana 24.-26. júlí verður í annað sinn haldin tónlistarhátíð í Reykholti í Borgarfirði sem hefur hlotið nafnið Reykholtshátíð. Flutt verður sígild tónlist í sögulegu umhverfi og lögð áhersla á norræna og baltneska tónlist og tónlistarmenn. Þá verða einnig frumflutt ný verk eftir norræn og baltnesk tónskáld og einnig ýmsar klassískar perlur tónbókmenntanna.

Margir virtustu tónlistarmenn landsins koma fram á hátíðinni, svo sem Zilia píanókvartettinn en hann skipa Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanó, Auður Hafsteinsdóttir fiðla, Guðmundur Kristmundsson lágfiðla og Bryndís Halla Gylfadóttir selló. Einnig



verða Gréta Guðnadóttir fiðluleikari og Þorsteinn Gauti Sigurðsson píanóleikari meðal flytjenda en heiðursgestur hátíðarinnar verður Nina Pavlovski sópran-söngkona frá Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn. Með henni spilar hinn þekkti finnski píanóleikari Risto Lauriala. Einnig kemur Martynas Svégzda frá Litháen en hann spilaði einnig á Reykholtshátíðinni í fyrra.

Nina Pavlovski er fædd í Danmörku, heimalandi móður sinnar, en faðir hennar er Rússi. Söngferill hennar er glæsilegur og nú syngur hún við Konunglegu óperuna í Kaupmannahöfn. Hlutverk hennar þar

hafa meðal annars verið Madame Butterfly og First lady í Töfraflautunni og Liu í Turandot. Árið 1994 var Nina Pavlovski gestur á Wexford tónlistarhátíðinni og kom einnig fram með Haydn hljómsveitinni í Bolzano á Ítalíu. Í tilefni þess að Kaupmannahöfn var Menningarborg Evrópu árið 1996 kom Nina Pavlovski fram á tónleikum sem nefndust Sópranarnir þrír með Sinfóníu-hljómsveitinni í

Miðvikudagur

22

LISTIR & MENNING

Deiglan Akureyri kl. 20.30:
SPROTAR, ungt og uppremanni
íslenskt tónlistarfólk: Dúóid Mallika
og McQueen. Arna Kristín
Einarsdóttir flauta og Geir Rafnsson
slagverk. Aðgangseyrir rennur
óskiptur til listamannanna.
Egilsstaðir Hér fyrir austan,
útileikhús og skógartónar í Selskógi

ÚTIVIST

Ferðafélag Íslands kl. 20:00
Gjásel-Straumssel (S-7)
Útivist **Fimmvörðuháls** í miðri viku,
trússferð, kl. 8:30 Fyrir þá sem ekki
komast um helgar. Gengið frá
Skógafossi á hádegi á miðvikudegi,
upp með Skógaá og í
Fimmvörðuskála. Á fimmtudegi er
gengið niður í Bása. Farangur er
fluttur á bíl á Fimmvörðuháls
þannig að gangan upp verður léttari.
Hægt að fara heim samdægurs eða
dvelja fram á sunnudag.

Fimmtudagur

23

ÍPRÓTTIR

Fimmtudagskeppni á
kænum Á Skerjafirði.
Siglingafélögin Ýmir í Kópavogi og
Brokey í Reykjavík sjá um keppnina
sem hefst kl. 19:00

LISTIR & MENNING

Leikfélag Reykjavíkur í
Borgarleikhúsi kl. 20.00.
Sumarsöngleikurinn Grease
Íðnó kl. 20:00 - Þjónn í súpunni,
gamanleikur eftir Árna Ibsen
Kaffileikhúsið Vestgötu kl. 21.00:
Út og suður, Sigríður Ella
Magnúsdóttir flytur lög úr

öllum áttum
Deiglan Akureyri kl. 13:
Sumarháskólinn. Fræðslu og
ævintýraferð: Plöntur, skógrækt,
landgræðsla. Heimsókn í
Kjarnaskóg.
Deiglan Akureyri kl. 21.30: Heitur
fimmtudagur, Tuborg-Djass/Djasskl.
Akureyrar: Ellen Kristjánsdóttir og
Kvartett Eyþórs Gunnarssonar.
Minjasafnskirkjan Akureyri kl. 21:
Söngvaka. Hjörleifur Hjartarson og
Rósa Kristín Baldursdóttir ferðast
um íslenska sönghefðarsögu.
Ísafjörður Sumarkvöld í

ÍSLENSKIR HVALIR FYRR OG NÚ

BÓKAÚTGÁFAN FORLAGIÐ hefur sent frá sér bókina Íslenskir hvalir fyrr og nú eftir Sigurð Ægisson, Jón Asgeir í Aðaldal og Jón Baldur Hlíðberg. Á kápabaki segir: „Hvalir hafa löngum vakið mönnum blændnar tilfinningar. ýmist sem ógnarskepnur, nytjadyr eða dularfullar og heillandi furðuverur. Í augum sumra eru þeir sveipaðir ævintýraljóma en í hugum annarra eru þeir keppinautar mannsins um björgina úr sjónum. Hvalir eru nú fríðaðir að mestu og undanfarið hefur það færst sífellt meira í vöxt að menn sigli á haf út til að skoða þá í náttúrlegum heimkynnum sínum. Þessi bók er handhægur ferðafélagi á slíkum ferðum. Hér er fjallað um þær 23 tegundir hvala sem sést hafa við Íslandsstrendur og helstu einkennum þeirra lýst í máli og myndum. Mark Carwardine, nafntogaður dyrafraeðingur, rithöfundur og ljósmyndari ritar formála þar sem segir m.a.: Þeir Sigurður, Jón Asgeir og Jón Baldur hafa smíðað ómetanlegan greiningarlykil, bók sem ég veit að á eftir að vekja og hvetja fjölda manns til að kynnst af eigin raun hinum framandi, en jafnframt dulúðugu og þokkafullu íbúum sjávardjúpanna, hvalakynninu.”

Bókin er fánleg á íslensku, ensku og þýsku.

ÆVINTÝRAFERÐIR Á LANGJÖKLI



Fyrir einstaklinga, fjölskyldur, vina- og starfsmannahópa ofl.

15% afsláttur veittur gegn framvísun kvittunar úr Hvalfjarðargöngunum
(gildir fyrir hámark 5 manns)

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 567 1205
Langjökull ehf

Laugardagur

25

ÍPRÓTTIR

- Siglingamót Íslandsmót Secret 26 Hafnarfjörður Pytur Íslandsmót í hestaþróttum Æðarodda Akranesi
- Golfkl. Keilir, Hf. og Golfkl. Kópavogs og Garðabæjar Parakeppni, 18 h
- Golfkl. Flúðir Búnaðarbankamótið, fjörl.betri bolti, 18 h
- Golfkl. Hamar Dalvík Pepsí Colamót 18 h m/án
- Golfkl. Laki V-Skaftafellss. Eldmessumótið 18 h m/án
- Golfkl. Norðfjarðar Sparisjóðsmótið 18 h
- Golfkl. Bakkakots Mosfellsbæ Reykjalandur, 18 h m/án
- Golfkl. Húsavíkur Opna Húsavíkurmótið 36 h m/án
- Golfkl. Ísafjarðar Afmælistmót GÍ/minning Einars Vals 36 h m/án
- Golfkl. Leynir Akranesi Haraldarmót, 30 ára afmælistmót 36 h m/án
- Golfkl. Kópavogs og Garðabæjar Íslenska mótaröðin 54 h án fg Meistararmót Íslands í frjálsum íþróttum- aðalhluti. Laugardalsvelli.

Hildegard von Bingen, Samuel Scheidt, Johannes Koch, Snorra Sigfús Birgisson og fleiri. Flytjendur: Margrét Bóasdóttir sópran, Jörg Sondermann orgel og semball og Nora Kornbluet selló. Kl. 17.00 J. S. Bach og samtímamenn hans. Verk fyrir einleiksfíðlu eftir J.P. Westhoff, H.I.F. Biber og J.S. Bach. Andrew Manze leikur á Gagliano-fíðlu. Mývatn Sumartónleikar á Norðurlandi, Reykjahliðarkirkja kl. 21:00

Café Karólína Akureyri, opnun kl. 14:00: Lu Hong, málverk unnin með kinverskri tækni. Stendur til 21. ágúst.

Síldarminjasafnið Siglufirði kl. 15:00. Stór söltunarsýning, harmonikkuleikur, söngur, dans. Ísafjarðar Ísafjarðarhátið: listviðburðir, götumarkaðir, gönguferðir, bryggjuball o.fl.

Júlí 1998

Föstudagur

24

ÍPRÓTTIR

Siglingamót Íslandsmót Secret 26 Hafnarfjörður Pytur Íslandsmót í hestaþróttum Æðarodda Akranesi

LISTIR & MENNING

Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi kl. 20.00. Sumarsöngleikurinn Grease Norræna húsið kl. 16.00 Under brudslöjan/Under brudesloret; Bomerang-leikhúsið sýnir Iðnó kl. 20:00 - Þjónn í súpunni, gamanleikur eftir Árna Ibsen Íslenska Óperan kl. 20:00. Carmen Negra

Tónlistarhátið í Reykholtskirkju Flytjendur: Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanó, Auður Hafsteinsdóttir fíðla, Guðmundur Kristmundsson lágfíðla, Bryndís Halla Gylfadóttir selló, Gréta Guðnadóttir fíðla, Þorsteinn Gauti Sigurðsson píanó, Martynas Svégzda von Bekker fíðla, Nina Pavlovski sópran og Risto Lauriala píanó. Opnunartónleikar kl. 20.30. Verk norræna tónskálda, frumflutt verk eftir Hjálmar H. Ragnarsson

Hólmavík 4-5 daga hestaferð með Strandahestum á Hólmavík. Farið um Trékyllisheiði, Bjarnarfjörð og til Hólmavíkur. Útivist. Helgarferðir: Laugavegurinn, hraðferð kl. 8:30. Ekið í Landmannalaugar og gengið samdagurs í Hvangil. Næsta dag er gengið í Bása. Gönguferð fyrir þá sem vilja fara hratt yfir. Gist í skála í Hvangili. Tjaldgisting í Básum. Tjöld og annan farangur má senda á föstudagsmorgni með rútu í Bása. **Básar** kl. 20:00. Ekið í Bása á föstudagskvöldi. Boðið er upp á skipulagðar gönguferðir. Í Básum er einstaklega fallegt, þar skiptast á hrikaleg fjöll, ár, jöklar og gróid land. Öll aðstaða er eins og best verður á kosið, þarna eru leiktæki fyrir börn, grill, sturtur og góð hreinlætisaðstaða. **Fimmvörðuháls**, næturganga kl. 20:00. Farið er á föstudagskvöldi úr bænum og ekið að Skógum þar sem gangan hefst. Gengið er um nóttina frá Skógum, upp með Skógaá í Fimmvörðuskála. Á laugardegnum er gengið áfram yfir í Bása.

LISTIR & MENNING

Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi kl. 20.00. Sumarsöngleikurinn Grease Norræna húsið kl. 16.00 Under brudslöjan/Under brudesloret; Bomerang-leikhúsið sýnir Iðnó kl. 20:00 - Þjónn í súpunni, gamanleikur eftir Árna Ibsen Íslenska Óperan kl. 20:00. Carmen Negra

Tónlistarhátið í Reykholtskirkju Flytjendur: Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanó, Auður Hafsteinsdóttir fíðla, Guðmundur Kristmundsson lágfíðla, Bryndís Halla Gylfadóttir selló, Gréta Guðnadóttir fíðla, Þorsteinn Gauti Sigurðsson píanó, Martynas Svégzda von Bekker fíðla, Nina Pavlovski sópran og Risto Lauriala píanó. Hádegistónleikar kl. 13.30. Nina Pavlovski syngur verk eftir ýmis tónskáld við undirleik Risto Lauriala. Kvöldtónleikar kl. 20.30 Verk eftir Debussy, Caesar Franck o. fl. **Sumartónleikar í Skálholtskirkju** Kl. 14.00 Guð vor faðir, vér þökkum þér; Árni Heimir Ingólfsson flytur erindi um tvísöng í íslenskum sönghandritum eftir siðaskipti. Tónleikar: Kl. 15.00 Trúarleg einsöngs- og orgelverk eftir

ÚTIVIST


Ferðafélag Íslands kl. 08:00 Álfavatn-Emstrur Útivist. Helgarferð: **Fimmvörðuháls** kl. 8:30. Gengið frá Skógafossi á hádegi á laugardegi, upp með Skógaá og í Fimmvörðuskála. Á sunnudegi er gengið niður í Bása.

ÚTIHÁTIÐIR

Vopnafjörður Vopnaskak: Hagyrðingakvöld – með íslenskuna að vopni – stjórnandi Karl Ágúst Úlfsson. Óvissuferðir og siglingar. **Á góðri stund í Grundarfirði** Kl. 10.00 Morgunganga 1. Fjölskylduganga umhverfis Kirkjufell; morgunganga 2. Ganga á Kirkjufell fyrir vana göngumenn 18 ára og eldri. Kl. 12.00 Forkeppni í strandblaki á Sæbólsvelli (Nýjum strandblaksvelli) Kl. 14.00 Dagskrá á Hafnarsvæði þar sem m.a verður - Setning hátíðarinnar „Á góðri stund í Grundarfirði“ - Skemmtisiglingar - Sjóstangveiði - Sjávarréttaeveisla - Sjávardyrasýning - Leiktæki fyrir börn og unglínga - Ljósmyndasýning á Hafnarvoginni Kl. 17.00 Úrslit í strandblaki á Sæbólsvelli Kl. 19.00 Fjölskylduskemmtun úti við Kristján IX, hljóm sveitin 8VILLT Kl. 22.00 Unglingadansleikur til kl. 1 í Kristjáni IX, hljóm sveitin ULRÍK Kl. 23.00 Stórdansleikur í Samkomuhúsi Grundarfjarðar hljóm sveitin 8VILLT.

ÚTIVIST

Skagafjörður kl. 14:00. Priggja daga gönguferð fyrir alla fjölskylduna. Austurdalur – Hildarsel – Fagrahlíð.





CARON, GARÐAR THÓR OG HELGI BJÖRNS Í CARMEN NEGRA

Sumarsmellinn í ár er að finna í Íslensku óperunni þar sem söngleikurinn Carmen Negra hefur gengið fyrir fullu húsi það sem af er sumri og virðist ekkert lát á aðsókninni. Þau Caron Barnes-Berg, Garðar Thór Cortes og Helgi Björnsson sem standa þarna í eldlinunni voru hress í viðtali á léttu nótonum við Hér og nú.



Sjáðu, segir Caron, þegar við erum sestar, ég er

bara lítið sem ekkert marín eftir sýninguna í gær, þeir eru farnir að hegða sér betur. Garðar Thór og Helgi skoða á henni handleggina og þykjast nokkuð góðir með sig því þeir þeyta henni fram og aftur um sviðið og virðast ekki alltaf mjúkhentir.

Helgi sem flestir þekkjá sem aðalgæjann í SSSól mætti dálítið slæptur í viðtalið enda nýkominn úr 5 daga hestaferð um hálendið en sagðist vera andlega endurnærður þótt beinin skróltu svolítið í skrokknum. Hann þvertók fyrir að þetta væri í fyrsta skipti sem hann léki í Íslensku óperunni.

Ég debúteraði í La traviata í Íslensku óperunni strax eftir að ég lauk leiklistarskólanum skal ég segja þér. Ég lék bötlar og fékk meira að segja að syngja nokkrar línur. Ég er sko sjóaður í þessu! En það var alveg frábært að kynna leikhúsinu frá þessari hlið líka svona snemma og góður undirbúningur fyrir það sem á eftir kom.

Helgi segir það skrítnasta við að taka þátt í þessum söngleik vera að leika á ensku. Það er eiginlega það eina sem er öðruvísi, annars er þetta bara eins og hver önnur uppsetning, nýr hópur að vinna með og spennandi verkefni. Fyrir nokkrum árum var Helgi Björns ein aðalstjarna íslenska leiksviðsins en hefur síðustu árin helgað sig alfarið rokkbransanum. Aðspurður hvort hann sé á leið á leiksviðið aftur segir hann: Já – og þegir svo voða dularfullur. Það er greinilega eitthvað í deigluinni sem hann vill ekki tala um að svo stöddu.

Fortíð Garðars Thórs í aðalhlutverki í Nonna og Manna hér um árið eltir hann enn og við athugasemd um að hann hafi verið barnastjarna horfir hann fast í augun á blaðamanni og segir ákveðið: Ég lék í þeirri mynd! Greinilega enginn veifiskati pilturinn sá, og kærir sig ekki um stimpla eins og barnastjarna eða kyntákn. Enda giftur maður nú orðið. Garðar er að læra klassískan söng í Kaupmannahöfn: Ég fer út í tvær vikur og sækja þá einkatíma á hverjum degi og kem svo heim og vinn fyrir mér og náminu með því að syngja

við jarðarfari og slíkt. Ég ætla að reyna þetta í vetur og sjá hvort það gengur, það er dýrt að sækja svona einkanám, en ef það gengur ekki verð ég kannski að flytja út. Ég ætlaði reyndar að verða poppsöngvari þegar ég var yngri, svona Bon Jovi týpa en einhvern tíma man ég eftir að hafa sagt við þabba að ég ætlaði að verða söngvari en ég vissi ekki alveg hvernig söngvari. Núna stefni ég bara á að læra að syngja, punktur. Ljóðasöngur og ópera er auðvitað efst á klassíska óskalistanum en það er líka rosalega gaman að fást við söngleiki, það er svo mikið líf og fjör og skemmtileg lög sem maður er að syngja.

En það er Caron sem er aðalstjarnan í sýningunni, leikur sjálfa Carmen Negra sem vefur piltunum um fingur sér. Caron er fædd á Englandi en flutti árið 1983 til Finnlands þar sem hún sló í gegn sem söngkona. Þar lék hún sama hlutverk í sýningu sem gekk rúmlega 80 sinnum en segir sýninguna hér bæði öðruvísi og að mörgu leyti betri.

Það var amerísk kona sem setti upp sýninguna úti í Finnlandi og það var eins og hún skildi ekki allt í verkinu almennilega. Hérna er höfundurinn sjálfur, Stewart Trotter, leikstjóri og það opnuðust alls konar hlutir varðandi hlutverkið og leikritið sjálft þegar við vorum að æfa sýninguna hér. Hann vissi þetta allt upp á hárg og ég gat þar af leiðandi leyft mér að túlka persónuna miklu opnara en ég gat úti í Finnlandi því þar skildi ég hreinlega ekki allt sem ég átti að gera.

Eftir að hafa heyrt Caron syngja virðist manni það ótrúlegt þó satt sé að hún hefur aðeins verið að læra söng síðustu sex mánuðina.

Eftir að ég lék í Carmen úti í Finnlandi ákvað ég að fara að læra söng til að vita betur hvað ég væri að gera og gæti gert með röðinni og líkamanum, notað hvoru tveggja betur og markvissar. Og það er þegar tekið að skila sér. Þegar ég spyr Caron hvernig hafi staðið á því að hún flutti til Finnlands segist hún hafa verið að syngja bakraddir og í stúdíóum í Englandi þegar henni bauðst að fara til Finnlands og syngja og þeyta skífur á næturklúbb.

Svo fór ég að vinna við sjónvarpið og Finnar höfðu aldrei séð svona langa leggi, segir hún og skellihlær. Á þessum tíma voru finnskir skemmtikraftar frekar steinrunnir og leiðinlegir, stóðu bara og sungu í hljóðnemann. Svo kom ég og dansaði og söng og setti allar mínar tilfinningar í það sem ég var að gera og það var alveg nýtt þar og ég varð stjarna um leið. Þeir elska mig alveg.

Við líka, skjóta þeir Garðar Thór og Helgi að, og Caron setur upp stjörnubrosið.


Hún er með flottan brúnan varalit og segir mér að hún hafi byrjað að læra á flautu þegar hún var lítil en hætt því snarlega þegar hún komst á varalitsaldurinn: Það gekk bara ekki upp, það var svo rosalega mikið mál að þrifa flautuna.

Ég spyr hana hvað hún geri í frístundum á milli sýninga. Hún segir ekki alltaf mikið um frístundir: Það verða fimm sýningar þessa helgi og maður gerir ekki mikið annað á meðan. En annars reyni ég að skoða mig um eins og ég get.

Hún hefur lítinn bíl til umráða sem hún kallar „the Carmenmobile“, því að hann er þakinn auglýsingum um Carmen Negra: En ég fer ekki mikið huldu höfði á honum skal ég segja þér, fólk á skrifstofu Óperunnar er næstum búíð að fréttu af ferðalögum mínum áður en ég er komin heim aftur.

Helgi og Garðar Thór flissa og segja að það sé ekki vert að sleppa henni mikið út einni. Það er greinilegt að Caron hefur unnið hug og hjörtu samstarfsfólks síns ekki síður en áhorfenda og þegar ég kveð þau og geng út í sólskinið í

Bankastrætunni skil ég við þau skellihlæjandi að einhverjum innanbúðarbrandara úr sýningunni.



Lifandi fortíð í ungrri borg

Einn er sá staður innan borgarmarka Reykjavíkur sem hægt er að fara á aftur og aftur og það er Árbæjarsafn. Það er ekki nóg með að þar séu alltaf nýjar og nýjar sýningar í gangi heldur er einnig fjölmargt gert til að skemmta og fræða gesti og kjörorð safnsins, „lifandi fortíð“, er svo sannarlega réttnefni.



orfi og ljá, rifjað og rakað ljána og bundið heidið loks í bagga og reitt heim á hestum. Í safnhúsunum eru ýmis verkstæði, svo sem úrsmíðaverkstæði, prentsmíðja og gullsmíðaverkstæði og flesta eftirmiddaga er fólk að störfum þar. Safnið er með sérstaka barnadagskrá alla laugardaga en auk þess er sérstök sýning tileinkuð börnum í Kornhúsinu í sumar þar sem sjá má bæði hluti og aðstæður sem endurspeglar veröld barna fyrir á tíð.

Gestir geta bæði gengið um safnið á eigin vegum og skoðað sig um, en einnig eru þarna uppþúnir leiðsögumenn á íslenskum búningum á hverju strái sem eru boðnir og búnir að upplýsa fólk um allt markvert sem þarna er að sjá. Árbæjarsafn byggist auðvitað upp á öllum gömlu húsunum sem hafa verið flutt þangað og gerð upp í upprunalegt horf. En safn er ekki bara hús heldur líka það sem er í húsunum og því er lögð áhersla á fjöldann allan af einstökum sýningum í hinum ýmsu húsum safnsins og auk þess svokallaða starfsdaga annað slagíð þar sem sýnd eru gömul vinnubrögð og vinnuáferðir, allt með gömlum verkfærum. Mega gestir að sjálfsögðu einnig taka þátt. Á heyanndegi geta menn til dæmis spreytt sig á að slá með



Sunnudagur

26

ÍPRÓTTIR

Íslandsmót í hestafróttum
Æðarodda Akranesi
Golfklúbburinn Keilir, Hf. og
Golfkl. Kópavogs og Garðabæjar
Parakeppni, 18 h
Golfkl. Húsavíkur Opna
Húsavíkurmótið 36 h m/án
Golfkl. Ísafjarðar Afmælimót
Gí/minning Einars Vals 36 h m/án
Golfkl. Leynir Akranesi
Haraldarmót, 30 ára afmælimót 36 h m/án
Golfkl. Kópavogs og Garðabæjar
Íslenska mótaröðin 54 h án fg
Golfkl. Grindavíkur Hjóna- & parakeppni 18 h
Meistaramót Íslands – aðalhluti í frjálsum íþróttum. Laugardalsvelli.

LISTIR & MENNING

Árbæjarsafn Heyannir. Heyskapur að gömlum síð á Árbæjartúninu. Gestir eru hvattir til að taka þátt í heyskapnum. Þjóðlegar veitingar í Dillonshúsi og harmoníkuleikur. Íðnó kl. 20:00 - Þjónn í súpunni, gamanleikur eftir Árna Ibsen
Hallgrímskirkja kl. 20:30 Sumarkvöld við orgelið; Egbert Lewart trompetleikari og Wolfgang Portugall organisti leika verk eftir Torelli, Couperin, Krebs o. fl.

Tónlistarhátíð í Reykholtskirkju
Flytjendur: Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanó, Auður Hafsteinsdóttir fiðla, Guðmundur Kristmundsson lágfíðla, Bryndís Halla Gyfadóttir selló, Gréta Guðnadóttir fiðla, Þorsteinn Gauti Sigurðsson píanó, Martynas Svęzda von Bekker fiðla, Nina Pavlovski sópran og Risto Lauriala píanó.
Lokatónleikar kl. 17.00. Píanótrío eftir Grieg; píanókvintett

eftir Schumann; o. fl.
Sumartónleikar í Skálholtskirkju
Tónleikar: Kl. 15.00 J.S. Bach og samtímamenn hans (sjá laugard. 25. júlí); kl. 16.40 Trúarleg einsöngs- og orgelverk (sjá laugard. 25. júlí). Kl. 17.00 Messa með þáttum úr tónverkum helgarinnar. Stólvers úr fornu íslensku sönghandriti í nýrri útsetningu Snorra Sigfúsar Birgissonar.

Akureyrarkirkja kl. 17:
Sumartónleikar á Norðurlandi.
CANTICA stúlknaðór, stjórnandi Klaus Lyngby í Vor Frelsers Kirke frá Horsens í Danmörku. Aðgangur ókeypis.
Síldarminjasafnið Siglufirði kl. 15:00 Stór söltunarsýning, harmoníkuleikur, söngur, dans.
Ísafjörður Ísafjarðarhátíð: listviðurðir, götumarkaðir, gönguferðir, bryggjuball o.fl.

ÚTIVIST

Tálknafjörður Sandkastalakeppni
Ferðafélag Íslands kl. 10:30
Stakkavíkurfjall, gönguferð og hellaskoðun
Útivist Kl. 10:30 Kóngsvegur 6. áfangi. Laugarvatnsvellir - Miðdalur.

ÚTIHÁTÍÐIR

Á góðri stund í Grundarfirði
Á slóðum Eyrbyggju
Kl. 13:30 Helgístund að Öndverðareyri við Urthvalfjörð (Kolgrafafjörð) - Gönguferð um söguslóðir undir leiðsögn Jóns Böðvarssonar - Leikir og skemmtan fyrir börnin - Hestaleiga - Varðeldur og söngur við undirleik harmonikkú - Hátíðarslit
Vopnafjörður Vopnaskak. Övissuferðir og siglingar.

Mánudagur

27

LISTIR & MENNING

Ísafjörður Ísafjarðarhátíð: listviðurðir, götumarkaðir, gönguferðir, bryggjuball o.fl.

Stykkishólmur Tónleikar í Stykkishólmskirkju

ÚTIHÁTÍÐIR

Vopnafjörður Vopnaskak

UM SLÁTTINN

Foldarstrá eg fór að slá,
fetti ljáinn bjúga,
þusum grá og þúfum smá
þeytti í háa múga.

Bólu-Hjálmar

Júlí 1998




Notalegt hótél við sjávarsíðuna
A cozy hotel on the waterfront

© 438 6893

Fax 438 6930

Klæðskerasaumaðar rútuferðir

Hópfarðamiðstöðin er eitt þeirra fyrirtækja sem býður upp á rútuferðir sniðnar að hvers manns þörfum. Þorleifur Þór Jónsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir að það sé að færast í vöxt að fólk átti sig á þeim möguleikum sem slíkur ferðamáti býður upp á.



Einkabílisminn hefur verið mjög ráðandi hér á landi lengi, en nú er fólk farið að gera sér grein fyrir að það getur margborgað sig bæði í

fjárhagslegu tilliti og á annan máta að taka hópfarðabíl. Ef fólk tekur sig saman, kannski þrjátíu manns, vinahópur, fyrirtæki eða félagasamtök, þá má segja að það sé þumalfingursregla að dagsferð kosti um 1000 kr. á mann. Innfalið í því er bíllinn og bílstjóri og allur reksturskostnaður bílsins, og ef menn eru í gleðskaparferð þá hafa þeir öruggan allsgáðan bílstjóra og þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur.

Þetta fyrirkomulag býður líka upp á möguleika eins og að láta aka hópnunum á einn stað

og sækja hann síðan annað ef menn ætla í gönguferð. Þá hafa menn fót til skiptanna á áfangastað, nestið og annar útbúnaður kemur í bílnum og fólk þarf ekki að bera á sjálfu sér nema rétt það nauðsynlegasta. Dæmi um vinsælar gönguleiðir eru til dæmis Fimmvörðuháls eða Þingvellir – Hvalfjarðarbotn, en við klæðskerasaumum að sjálfsögðu ferðir fyrir hvern hóp fyrir sig.

Þriðjudagur

28

ÍPRÓTTIR

Þriðjudagskeppni kjölbáta
Ytri höfnin í Reykjavík. Kl.
19:00 í umsjá Brokeyjar,
siglingafélags Reykjavíkur
Knattspyrna; Meistardeild kv.
Fjölneisvöllur 20.00 Fjölneir - Haukar
Vestmannaeyjavöllur 20.00 ÍBV -
Breiðablik
KR-völlur 20.00 KR - ÍA
Stjörnuvöllur 20.00 Stjarnan - Valur

LISTIR & MENNING

Árbæjarsafn Brúðubíllinn kl. 14.00
Norraena húsið kl. 20.30
Körtónleikar, danskt söngkvöld Nim
Sangkor frá Brædstrup í Danmörku
Íðnó kl 20:30 Tónleikaröð
„Nornaseiður“ Miles Davis - Hilmar
Jensson og félagar
Listasafn Sigurjóns Þriðjudagstón-
leikar kl. 20:30.

Gítarleikararnir Halldór Már
Stefánsson, María José Boira,
Francesc Ballart og David Murgadas
leika verk efir Telemann, Llobet,
Ravel o.fl.

Deiglan Akureyri kl. 13:
Sumarháskólinn. Fyrirlestur fyrir
erlenda ferðamenn. Hafdís Eygló
Jónsdóttir, jarðfræðingur.
Minjasafnskirkjan Akureyri kl. 21:
Söngvaka. Hjörleifur Hjartarson og
Rósa Kristín Baldursdóttir ferðast
um íslenska sönghefðarsögu.

ÚTIVIST

Ípróttir fyrir alla og Íslenski
Fjallahjólaklúbburinn bjóða upp á
skipulagðar hjólréiðaferðir um
borgina og næsta nágrenni. Lagt er af
stað úr Mjóddinni í Breiðholti
klukkan 20.00.

Miðvikudagur

29

ÍPRÓTTIR

Landsímadeildin
Laugardalsvöllur 20.00 Prót-
tur R. - Valur

útileikhús og skógartónar í
Selskógi

ÚTIHÁTÍÐIR

Vopnafjörður Vopnaskak.
Óvissuferðir og siglingar.

LISTIR & MENNING

Egilsstaðir Hér fyrir austan,

Einn angurvær rútuþílasöngur eftir Friðjón
Þórðarson við lagið Danny boy.

Nú ertu fjarri, drottning minna drauma,
og dægrið líða sviplaus framhá mér.
Ég horfi yfir hafsins bláu strauma
því hjarta mitt er bundið einni þér.

Og þegar andar aftanblærinn mildi
og aldan ljóðar grænni ströndu hjá
hve sæll og glaður vitja þín ég vildi
og vera hjá þér allar stundir þaðan frá.

Sögueyjan á Sundunum




Viðey er eitt af merkilegustu útivistarsvæðum borgarinnar, þrungið af sögu lands og borgar, laus við ágang húsdýra og því iðandi af fuglalífi og blómum skrádd. Hægt er að ganga um alla eyna á um það bil sex tímum en flestir velja þó líklega fremur þann kost að skoða hana í tveimur áföngum, enda hentar það ágætlega því eyjan skiptist í tvo hluta, Vesturey og Heimaey og á hvorum um sig er gnægð sköðunarverðra staða.

Viðey var byggð fljótlega eftir landnám og þar hefur meira og minna verið samfelld búseta síðan allt fram yfir miðja þessa öld.

Þarna stendur Viðeyjarstofa sem er elsta steinhús landsins og Viðeyjarkirkja sem er næstelsta kirkja landsins, en í Viðey var eitt helsta klaustur

landsins um 300 ára skeið og síðar stjórnsýslu- og framfarasetur um langa tíð. Til dæmis um það má nefna að byggð í Viðey var raflýst árið 1907 eða þremur árum áður en Reykjavík var lýst með gasljósum!

Það er skemmtilegt að fara út í Viðey á góðum sumardegil til að ganga um eyna og skoða sögu hennar, fuglalíf og náttúrufræðingur með nesti í bakpokanum og lítið box undir kúmen en það vex í Viðey og gaman að tína það og nota í eigin matargerð. Ekki er heldur síðra að fara þangað til að borða góðan mat í veitingahúsinu í Viðeyjarstofu.



Fimmtudagur

30

ÍPRÓTTIR

Fimmtudagskeppni á kænum

Á Skerjafirði. Siglingafélögin Ýmir í Kópavogi og Brokey í Reykjavík sjá um keppnina sem hefst kl. 19:00.



Landsímadeildin
Keflavíkuvöllur 20.00 Keflavík - ÍR
KR-völlur 20.00 KR - Fram
Ólafsfjarðarvöllur 20.00 Leiftur - Grindavík

LISTIR & MENNING

Deiglan Akureyri, kl. 13:
Sumarháskólinn. Fræðslu- og ævintýraferð. Hafdís Eygló Jónsdóttir, jarðfræðingur.

Deiglan Akureyri, kl. 21.30:

Heitur fimmtudagur, Tuborg-Djass/Djasskl. Ak. „Nornaseiður“. Hilmar Jenson, Eyþór Gunnarsson o.fl. leika rafmagnaðan djass eftir Miles Davis.

Deiglan: Akureyri, Dagur unga fólksins á Listasumri: Tónlist, leiklist, myndlist, dans og margt fleira skemmtilegt. Standa til 9. ágúst.
Minjasafnskirkjan Akureyri kl. 21: Söngvaka. Hjörleifur Hjartarson og Rósa Kristín Baldursdóttir ferðast um íslenska sönghefðarsögu.
Ísafjörður Sumarkvöld í Neðstakaupstað: Arnarfjörður.

ÚTIHÁTÍÐIR

Vopnafjörður Vopnaskak: Óvissuferðir og siglingar. - Sagnakvöld – með íslenskuna að vopni. Kvartettinn Úti vorid

Föstudagur

31

ÍPRÓTTIR

Stórmót
Léttfeta/Súganda/Svaða
Vindheimamelum

LISTIR & MENNING

Ketilhúsið Akureyri, opnun kl. 16: „KROSSGÖTUR“, Sólvéig Baldursdóttir, Hrefna Harðardóttir og Guðrún Pálína Guðmundsdóttir sýna myndverk gerð með blandaðri tækni. Stendur til 16. ágúst.

ÚTIHÁTÍÐIR

Vestmannaeyjar Þjóðhátíð Flókalundur Fjölskyldan og Flóki, fjölskyldumót í Flókalundi
Biskupstungur Verslunarmannahelgin í Úthlíð, dansleikir og fjölskylduskemmtun
Akranes Íþróttahátíð fjölskyldunnar
Vopnafjörður Vopnaskak – fjölskylduhátíð á Vopnafirði: Disneyhópur flytur lög úr kvikmyndum Walt Disney – Listflug - Flugeldasýning - Óvissuferðir

og siglingar - Dansleikir: Hljómsveitin Greifarnir Neskaupstaður Neistaflug Galtalækjarskógur Bindindismót fjölskyldunnar hefst með dansleikjum.

ÚTIVIST


Útivist. Verslunarmannahelgin með Útivist: Sveinstindur-Skælingar Eldgjá kl. 8:30 Ekið að Sveinstindi þar sem gist er í tjöldum eina nótt. Gengið á Sveinstind þar sem sér yfir Langasjó og Fögrufjöll. Þá er gengið niður með Skaftá og um stórbrotið gljúfur undir Uxatindum í náttúruperluna Skælinga. Gist í nýuppperðum gangnamannakofa eða tjöldum. Gengið á Gjátind og í Eldgjá á leið í Lambaskarðshóla. Ekið um Fjallabak heim.
Núpsstaðarskógar Kl. 17:00 Ekið austur í Núpsstaðarskóga. Gengið verður meðal annars að Kálfsklifi, Tvílitahyl og að Súlu í Súlutindum. Göngur við allra hæfi.

BRIAN er BEACH BOYS

Brian Wilson er eitt mesta senni poppsögunnar. Þá staðreynd hafa önnur senni, t.d. Paul McCartney, vitað og vitnað um í næstum þrjá og hálfan áratug. Bítlarnir, og þá ekki síst Paul, hrifust af raddsetningu og háum röddum Beach Boys, og líktu eftir þeim í nokkrum laga sinna, t.d. *Paperback writer* sem þeir kölluðu sín á milli „þetta með Beach-boys-hyrjuninni“ áður en það fékk nafn. Það er líka vitað að hljómsevitirnar biðu eftir plötum hvor annarrar til að velta fyrir sér stúdíóglöðrum og ýmsum nýjum hugmyndum, sem ekki skorti þó á síðari hluta 7. áratugarins.


Brian Wilson fæddist 20. júní 1942 í útborg í Los Angeles í Bandaríkjunum og stofnaði bráðungur hljómsevit með bræðrum sínum Dennis (f. 4.12. '44), sem spilaði á trommur, og gítarleikaranum Carl, sem líka hafði afskaplega fallega söngrodd (f. 21.12. '46). Sjálfur spilaði Brian á bassa og hljómborð og gat sungið og raddað betur en flestir aðrir. Auk þess voru í sveitinni frændi þeirra bræðra, Mike Love, aðallega söngvari en líka stundum hljómborðsleikari, og Al Jardine vinur þeirra og að ég held líka mágur, söngvari og gítarleikari. Brian var fyrirliði bræðranna frá upphafi í tónlistinni, en ekki bara vegna þess að hann var elstur, heldur líka vegna meðfæddra tónlistarhæfileika. Hann hafði líka góðan smekk. Hans helstu goð í tónlistinni voru gítarleikarinn, söngvarinn og söngvasmiðurinn Chuck Berry, upptökustjórinn Phil Spector og fyrirmyndina að söngstílnum sótti hann til sönghópsins The Four Freshmen. Dennis Wilson var hins vegar mikill brimbretta-áhugamaður, og þegar þeim datt í hug að gefa út litla plötu 1961 var það að undirlagi Dennis að lagið á hlið eitt nefndist *Surfin'*. Þar með var Beach-boys-formúlunni hrint úr vör og eins og ekta strandardrengjum sáemir böðuðu þeir hlustendur sína í sólríki og melódískri músík upp frá því.

En Adam var ekki endalaust í Paradís. Strax árið 1964 fór Brian að hætta að koma fram með sveitinni, bæði vegna þess að hann missti heyrn á öðru eyra, en líka af því að honum líkuðu ekki mikil ferðalög. Hann vildi líka miklu frekar vinna í hljóðverinu við að setja saman og bæta og breyta því sem hann tók upp með strákunum og gera úr því sífellt fegurri perlar. Glen Campbell leysti Brian fyrst af hólmi í Beach Boys í smátíma, en síðan Bruce Johnston. Og allt hefði þetta svo sem verið í lagi ef Brian hefði bara notað tímann í tónlistarleg heilabrot í stúdíóinu og þess á milli í faðmi fjölskyldunnar. En þetta var 7. áratugurinn og það



Brian Wilson 1998 - 56 ára.

Brian gefir við dýdyr fyrir Pet sounds.



Peter Back í REM er mikill aðdáandi Brians Wilson og tók viðtal við hann fyrir blaðið Mojo í mars á þessu ári.



Beach boys í dýragarði 1966 í myndatöku fyrir Pet-sounds-plötuumslagið: bræðurnir Carl (20 ára), Brian (24) og Dennis Wilson (22), frændi þeirra Mike Love (25) og Al Jardine, æskuvinnur þeirra bræðra (23).


voru ekki bara tilraunir með tæki og tóna sem fylgdu tíðarandanum, heldur líka ýms ólyfjan, og Brian reyndist ekki sterkur á svellinu í þeim efnum og innbyrti ótæpilegt magn. Hann varð æ einrænni og einkenni-legri, en tókst áður en um þverbak keyrði að skapa nokkur meistaraverk, eins og t.d. lagið *Good vibrations* og plötuna *Pet sounds*, sem margir telja bestu popp-plötu allra tíma (þ.á.m. Paul McCartney). Það var árið 1966, en upp úr því fór framlag hans til Beach Boys minnkandi, reyndar smám saman, og það má held ég segja að orðstír hljómsevitarrinn hafi dalað í sama hlutfalli og geðheilsa Brians. Þó verður að gefa Beach Boys hrós fyrir plötuna Holland, sem kom út 1972 og Carl á held ég mestan heiðurinn af hvað viðvíkur upptökustjórn. Eftir það má segja að Beach Boys hafi eingöngu lifað á fornri frægd.

En nú förum við hratt yfir sögu. Dennis, hinn frísklegasti þeirra Wilson-bræðra, var mikill gleðipinni og druknaði á skemmtisiglingu á annan í jólum 1983. Carl lést úr krabbameini snemma á þessu ári, í janúar minnir mig. En viti menn, sá sem allir voru búnir að afskrifa fyrir meira en aldarfjórðungi sendi nú í júnímánudi frá sér þessa líka fínu sólóplötu. Og það sem meira er þá hljómar hún ekki bara sem góð sólóplata frá gömlum poppara. Þessi plata Brians Wilson, sem heitir *Imagination*, hljómar eins og góð Beach-boys-plata frá 7. áratugnum. Að vísu eru á henni 2 gömul Beach-boys-lög sem Brian langaði til að endurlífga, *Keep an eye on summer* og *Let him run wild*, en nýju lögin hafa öll helstu Brian-Wilson-einkennin: eru melódísk, björt, en tregablandin, jafnvel þótt þau séu í raun glaðleg. Og eins og í gamla daga lætur Brian þetta hljóma eins og ekkert sé auðveldara en að raða saman Beach-boys-perlum. Hann hefur þó viðurkennt að það hafi tekið svolítið á að syngja allar raddirnar sjálfur, eins og hann gerði reyndar í einu og einu Beach-boys-lagi í gamla daga.

Þessa fínu Beach-boys-plötu sína tileinkar Brian móður sinni og Carli bróður sínum, en sendir líka kveðjur og þakkir dætrum sínum öllum, þeim Carnie og Wendy, söngkonum úr Wilson-Phillips, af fyrra hjónabandi, og þeim litlu, Dariu og Delanie, sem hann á með núverandi konu sinni. Þetta er að vísu ekki fyrsta sólóplata Brians Wilson, hún kom út 1988 og er bara alveg ágæt, og síðan þá hef ég orðið vör við tvær með hans nafni, þar til þessi kemur nú, eins og himnasending fyrir Beach-boys-aðdáendur. Beach Boys gátu nefnilega ekki lifað góðu lífi án Brians Wilson til langframa, en með *Imagination* hefur Brian Wilson sýnt að Beach Boys lifa í honum. Brian var og er Beach Boys.

Andrea Jónsdóttir

Ævintýraferðir á Langjökul



Langjökull er annar stærsti jökull Evrópu, 950 kílómetrar að stærð og um 1400 metra há. Íshellan er allt að 700 metra þykk. Aðeins eru tæpir hundrað kílómetrar að jaðri hans frá Reykjavík sé farið um Þingvaldasveit og Kaldadalsleið og fært er öllum farartækjum að jöklinum yfir sumartímann. Fyrirtækið Langjökull ehf. býður upp á margs konar ævintýraferðir á jökulinn: Gönguferðir, vélsleðaferðir og snjóbílaferðir. Skíði eru á staðnum og hægt er að láta draga sig upp á jökulinn og renna sér síðan niður. Þá bjóðast einnig snjóþotur fyrir yngstu kynslóðina. Einnig er boðið upp á margs konar afþreyingu sem hentar vel fyrir hvataferðir svo sem gúmmibátabrun, sprunguklufur, þjóðdansa og fleira. Ferðir á jökulinn geta tekið allt frá rúmri klukkustund upp í heilan dag. Það er ævintýri líkast að ferðast um á jöklinum, hvort sem kosir er að geysast um á vélsleða, fara í snjóbil, renna sér á skíðum eða bara njóta útsýnisins.

Laugardagur

1

ÍPRÓTTIR

Stórmót

Léttfeta/Stíganda/Svaða

Vindheimamelum

Hestaping Loga Hrísholti

Golfkl. Selfoss Mjól er góð, fjórleikur, betri bolti 18 h

Golfkl. Hamar Dalvík

Norðurlandsmót, flokka 36 h

LISTIR & MENNING

Leikfélag Reykjavíkur í

Borgarleikhúsi kl. 20.00.

Sumarsöngleikurinn Grease

Norræna húsið kl. 16.00 Tónleikar.

Steinnun Birna Ragnarsdóttir píanó

og Helga Þórarinsdóttir lágfíðla.

Nýlistasafnið Leitin að snarkinum,

opnun. Verk eftir ýmsa listamenn.

Stendur til 19. ágúst

Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Kl. 14:00 The English Countenance,

Edward Wickham stjórnandi

sönghópsins The Clerks' Group

fjallar um enska sönglist endur-

reisnartímans. Tónleikar: Kl. 15.00

Trúarleg söngverk frá blómatíma

endurreisnar á Englandi. Verk eftir

Pycard, John Dunstaple, Leonel

Power, Walter Frye, William

Cornysh, John Taverner og Thomas

Tallis. Flytjendur: Sönghópurinn

The Clerks' Group. Kl. 17.00

Sónottur fyrir barokkfíðlu og sembal

nr. I, II og III eftir J. S. Bach. Jaap

Schröder leikur á barokkfíðlu og

Helga Ingólfssdóttir á sembal.

Ljósmyndakompan, Akureyri,

opnun kl. 14:00. Guðbrandur

Sigurlaugsson. Stendur til 29. ágúst.

Gallerí Svartfugl Akureyri opnun

kl. 14:00 Jónas Viðar Sveinsson.

Málverk, stendur til 19. ágúst.

Safnasafnið á Svalbarðsströnd:

Verk eftir Önnu Línal mynd-

listarkonu. Stendur til 31. ágúst.

ÚTIHÁTÍÐIR

Vestmannaeyjar Þjóðhátíð

Flókalundur Fjölskyldan og Flóki,

fjölskyldumót í Flókalundi

Biskupstungur

Verslunarmannahelgin í Úthlíð,

dansleikir og fjölskylduskemmtun

Akranes Íþróttahátíð fjölskyldunnar

Flúðir Verslunarmannahelgin á

Flúðum, fjölskylduhátíð

Borgarfjörður eystri

Álfaborgarsjens

Kirkjubæjarklaustur

Verslunarmannahelgi á

Kirkjubæjarklaustri

Vopnafjörður Vopnaskak-fjölskyldu-

hátíð á Vopnafirði: Disneyhópur

flytur lög úr kvikmyndum Walt

Disney - Listflug - Flugeldasýning -

Óvissuferðir og siglingar -

Dansleikur: Hljómsveitin

Skítamóráll.

Neskaupstaður Neistaflug

Galtalekjarskógur Bindindismót

fjölskyldunnar: Reiðhjólakeppni,

söngvarakeppni, skemmtiatriði,

dansleikir, brenna og flugeldar, auk

íþróttá, gönguferða, leiktækja,

þrauta og fleira.

ÚTIVIST

Önundarfjörður Sandkastalakeppni

fyrir alla fjölskylduna

Útivist. Verslunarmannahelgin með

Útivist: Bása kl. 8:30. Ekið í Bása á

laugardagsmorgni. Enn er hásumar í

Básun en farið að húma um lág-

nætti meðan varðeldurinn brennur.

Fimmvörðuháls kl. 8:30. Gengið frá

Skógafossi á hádegi á laugardegi,

upp með Skógaá og í Fimmvörðu-

skála. Á sunnudegi er gengið niður í

Bása og tekið þátt í varðeldinum.

Sunnudagur

2

ÍPRÓTTIR

Stórmót

Léttfeta/Stíganda/Svaða

Vindheimamelum

Hestaping Loga Hrísholti

Golfkl. Hamar Dalvík

Norðurlandsmót, flokka 36 h

Golfkl. Borgarness. Ópið mót 18 h

m/án

LISTIR & MENNING

Árbæjarsafn. Parfasti Þjónninn.

Hestar verða á safnsvæðinu, járn-

smíður smíðar skeifur, hestar verður

járnaður og póstlest fer um

safnsvæðið. Lummur í Árbæjareld-

húsinu.

Hallgrímskirkja kl. 20:30

Sumarkvöld við orgelið, Ulrich

Meldau organisti frá Zürich leikur

orgelverk eftir Bach, Widor, Dupré

o.fl.

Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Tónleikar: Kl. 15.00 Trúarleg

söngverk enskrar endurreisnar (sjá

laugard. 1. ágúst); kl. 16.40 Sónata

fyrir barokkfíðlu og sembal nr. IV

eftir J. S. Bach. Jaap Schröder

leikur á barokkfíðlu og Helga

Ingólfssdóttir á sembal. Kl. 17.00

Messa með þáttum úr tónverkum

helgarinnar. Stólvers úr fornu

íslensku sönghandriti í nýrri út-

setningu Snorra Sigfúsar

Birgissonar.

Minjasafnið Akureyri kl. 14:

Gönguferð um Innbæinn. Lagt af

stað frá Laxdalshúsi, Hafnarstræti

11. Leiðsögumaður Hörður

Geirsson, safnvörður.

Akureyrarkirkja kl. 17:00

Sumartónleikar á Norðurlandi:
Duo Lewark-Portugall frá Þýska-
landi: Egbert Lewark trompet,
Wolfgang Portugall orgel, Margrét
Bóasdóttir sópran. Aðgangur
ókeypis.

ÚTIHÁTÍÐIR

Vestmannaeyjar Þjóðhátíð.

Flókalundur Fjölskyldan og Flóki,

fjölskyldumót í Flókalundi.

Biskupstungur

Verslunarmannahelgin í Úthlíð,

dansleikir og fjölskylduskemmtun

Akranes Íþróttahátíð fjölskyldunnar.

Flúðir Verslunarmannahelgin á

Flúðum, fjölskylduhátíð.

Borgarfjörður eystri: Álfaborgar-

sjens.

Kirkjubæjarklaustur

Verslunarmannahelgi á

Kirkjubæjarklaustri.

Vopnafjörður Vopnaskak -

fjölskylduhátíð á Vopnafirði:

Disneyhópur flytur lög úr kvik-

myndum Walt Disney - Listflug -

Flugeldasýning - Óvissuferðir og

siglingar - Starfsdagur á minjasafn-

inu á Burstafelli - Dansleikur:

Hljómsveitin Reggae on Ice.

Neskaupstaður Neistaflug.

Galtalekjarskógur Bindindismót

fjölskyldunnar: Messa, barna-

skemmtun, kvöldvaka, skemmti-

atriði, dansleikir, auk íþróttá,

gönguferða, leiktækja, þrauta og

fleira.

ÚTIVIST

Brjanslækur Sandkastalakeppni

tengd fjölskyldumótinu í Flókalundi

Útivist Kl. 10:30 Selvogur -

Grindarskóð

Fótbolti er meira en fótbolti

Það hefur vart farið framhjá neinum hvað hefur verið í algleymi það sem af er sumri. Það er nefnilega alþjóðlegt fyrirbæri sem kallast knattspyrna og þá erum við að tala um HM í Frakklandi.

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu er vinsælasti íþróttaviðburðurinn sem fyrirfinnst og hefur ekkert mót eins mikið áhorf út um allan heim. Talið er að u.þ.b. 2,5 milljarðar manna hafi horft á úrslitaleikinn. Enginn smá slatti það! Það skyldi þó ekki vera að það sé knattspyrnan sem sameinar allar þjóðir? Hvernig sem á það er lítið væri ekki úr vegi að velta þessum atburði örlítið fyrir sér og þá frá fleiri sjónarhornum en þessu eina venjulega.

Fótboltaleikurinn sjálfur er í rauninni aðeins toppurinn á ísjakanum og hápunkturinn. Það er svo ótalmargt sem spilar þar inni og margt sem býr að baki hverju landsliði fyrir sig.

Knattspyrnukapparnir sem eru erindrekar og fulltrúar þjóðar sinnar, endurspeglar land sitt í líkamsburði og hugsun.

Hver þjóð hefur sína sögu, arfleifð, menningu, lífstíl, háttarlag og hugsun. Og þetta er hægt að sjá í spili liðsins og atferli. Sumar þjóðir spila með hjartanu,

aðrar með höfðinu og hafa allt í skipulagi og vinna kerfisbundið, sumar byggja á líkamanum og hörkunni og enn aðrar beita dansi. Því hefur verið haldið fram að HM í knattspyrnu sé ein magnaðasta heimssýningin sem hægt er að finna

hvað varðar kynningu á þjóðarsál og menningu hvers lands sem mætt er þar til leiks!

Áhorfendur eru af öllum gerðum og stéttum og styðja sameiginlega af öllu hjarta land sitt í keppninni. Þjóðarstoltið er í húfi og er alveg geysilega mikilvægt að standa sig vel og komast á toppinn. Það segir sína sögu að 50 til 80 prósent landsmanna hversrar þátttökupjóðar horfa á sitt lið leika í beinni útsendingu. Segja má að fótboltinn sé útrás fyrir þann metnað og sigurviljann sem blundar í hjarta sérhvers manns, þrána eftir að skara framúr og þörfina fyrir að gera betur en aðrir. Það að sigra er ólýsanleg tilfinning, hvað þá ef það er sigur heillar þjóðar. Það kemur berlega í ljós þegar slíkt gerist að allt fer á annan endann, menn gjörsamlega „frika“ út. Það getur jafnvel staðið í nokkra daga eða vikur. HM í knattspyrnu er tilfinningaþrunginn viðburður, hlaðinn spennu og krafti þar sem hlátur og grátur verða ekki aðskilin.

En hvað skyldi valda því að sumar þjóðir eru betri en aðrar í knattspyrnu og skara löngum framúr á því sviði? Er það hugarfarið, skipulagið, æfingin eða jafnvel líkamsburðirnir?



Sumir þjóðflokkar eru lágvaxnir og veikburða en hafa á móti meiri snerpu og hraða, á meðan aðrir eru hávaxnir og sterkir. Að sjálfsögðu skipta allir þessir hlutir máli og má þar líka nefna stærð landsins og fjölda iðkenda.

Málið fyrir hverja þjóð er að nýta sín sérkenni og hæfileika sinna manna á sem bestan hátt frekar en að herma eftir stíl einhverrar annarrar þjóðar ef hann ekki hentar. Það þýddi lítið fyrir Nígeríumenn að ætla að taka upp leikstíl og hreyfingar Þjóðverja og öfugt. Slíkt yrði líklega bara hlægilegt, ef viðkomandi lið kæmist yfirleitt upp í undanrásirnar.

En eitt er víst að HM í knattspyrnu er stórkostleg sýning og heimsviðburður sem teygir sig til allra heimshorna og það er vert að gefa því gætur að þetta er svo miklu meira en bara fótbolti.



Rómantík við ósa Blöndu



upp

á fjölbreytta
matargerð

Sveitasetursins, en þó er
lögð áhersla á
gamlar hefðir og ömmu-
mat.

Það sem áður var Hótel Blönduós heitir nú Sveitasetrið, huggulegt og notalegt sautján herbergja hótél sem tekið hefur stakkaskiptum eftir gagn-gerar breytingar nýrra eigenda. Eigendurnir og hjónin Brynja Ingibergsdóttir og Óskar Húnfjörð hafa rekið hótelið í fjögur ár og á þeim tíma tekist að skapa stemmingu þar sem rómantikinn ræður ríkjum.

Herbergi Sveitasetursins eru nokkuð frábrugðin venjulegum hótélherbergjum þar sem ekkert herbergi er innréttað í sama lit né stíl. Gestum gefst kostur á að velja sér rauða herbergið eða það bleika o.s. frv. eða herbergi með svefnsofa fyrir börnin, en þannig fylgir hótelið fjölskylduvænni stefnu og þurfa foreldrar ekki að greiða sérstaklega fyrir börn þegar þau gista á Sveitasetrinu.

Öll umgjörð og búnaður er eins og nafnið ber með sér í rómantískum sveitastíl þar sem meðal annars er mikilfenglegur bar í miðjum matsalnum, uppstoppaðir dýrahausar á veggjum og vísir að fuglasafni í anddyri, aldargamalt píanó í setustofunni o.fl. o.fl.

Það vekur strax athygli gesta að lykklippur hótelsins eru horn af sauðfé og matsæðill hússins úr endurunnum pappír með pressuðum laufum í. Enn fremur er vert að skoða gólfíð í andyrinu en það er gert úr trjábólum, þverskornum í plötur sem raðað er þétt og lakkað yfir.

Á hótelinu er stór og góður matsalur, þar sem boðið er

Að sögn eigenda hafa viðbrögð gesta verið alveg stórkostleg og margir skilið eftir hrós og orð um að hér væri komið eitt af skemmtilegustu og sérstæðustu hótélum landsins, enda hefur aðsókn gesta aukist verulega og sumarið er vel bókað.

Vegna staðsetningar hótelsins á Blönduósi, spölkorn frá hinni miklu laxveiðiá Laxá á Ási, má segja að Sveitasetrið sé orðið veiðihús árinna og dvelja erlendir veiðimenn ár eftir ár á Sveitasetrinu ásamt fylgdarliði.

Í júní var gistirými Sveitasetursins aukið með tilkomu gistihúss með fjórum herbergjum. Þar er boðið uppá ódýrari gistingu og svefnpokapláss í huggulegu húsnæði með sameiginlegu baði og eldhúsi með ísskáp og sjónvarpi.

Sveitasetrið nýtir sér möguleika Internetsins og nú geta þeir sem áhuga hafa, skoðað heimasíðu hótelsins, afþreyingu í nágrenninu og séð myndir af herbergjunum, veitingasal og bar í þrívídd, svo nokkuð sé nefnt.

Bóka má gistingu í gegnum heimasíðu Sveitasetursins en hana er að finna á vefnum: <http://blonduos.com>

en netfang hótelsins er sveita@blonduos.com

Það er þess virði að gera sér ferð á Sveitasetrið og upplifa rómantikina með elskunni sinni.



Veitingastaðir

Alþjóðlegir

CARIBBEAN PACIFIC - Laugavegi 34a Rvík5513088.
HÓTEL BORG - Pósthússtræti 11, Rvík5511440.
JÓNATAN LIVINGSTON MÁVUR - Tryggvag.5515520.
LÓNID - Hótel Lofleiðum, Rvík5050925.
McDONALD'S - Suðurlandsbraut 51, Rvík5811414.
ÓÐINSVÉ - Þórsögútu 1, Rvík5525090.
PERLAN - Óskjahlíð Rvík5620200.

Evrópskir

A HANSEN - Vesturgötu 4, Hf.5651130.
CAFÉ ÓPERA - Lækjargötu 2, Rvík5529499.
GRILLID Hótel Sögu - Hagatorgi Rvík5525033.
HÓTEL HOLT - Bergstaðastræti 37, Rvík5525700.
LÆKJARBREKKA - Bankastræti 2, Rvík5514430.
TILVERAN - Linnestíg 1, Hf.5655250.
VEITINGAHÚSÍÐ ESJA - Suðurlandsb.t.2, Rvík5689509.

Bandarískir

AMERICAN STYLE - Skipholt 70, Rvík5686838.
HARD ROCK CAFÉ - Kringlunni 8 -12, Rvík5689888.
KENTUCKY FRIED CHICKEN - Faxafeni 25680588.
KENTUCKY FRIED CHICKEN - Hjallah. 15, Hf.5550828.

Franskir

MIRABELLE - Smiðjustíg 6, Rvík5523333.

Grænir og góðir

Á NÆSTU GRÓSUM - Laugavegi 20b, Rvík5528410.
GRÆNN KOSTUR - Skólavörðustíg 8, Rvík5522028.
GRÆNT & GÓMSÆTT - Dunhaga 5, Rvík5254922.

Indverskir

AUSTUR INDIÁFÉLAGIÐ - Hverfisg. 56, Rvík5521630.
HIMALAJA - Engihjalla 8, Kóp.5541609.

Ítalskir

CARUSO - Þinghótsstræti 1, Rvík5627335.
HORNID - Hafnarstræti 15, Rvík5513340.
ITALÍA - Laugavegi 11, Rvík5524630.
LA PRIMAVERA - Austurstræti 9, Rvík5618555.
MADONNA - Rauðarárstíg 27, Rvík5621060.
PASTA BASTA - Klapparstíg 38, Rvík5613131.

Japanskur

SAMURAI - Ingólfstræti 1a, Rvík5517776.

Kinverskir

ASÍA - Laugavegi 10, Rvík5626210.
FU-MAN-CHÚ - Grensásvegi 7, Rvík5885400.
BAMBOO - Þóglabakka 4 Rvík5572700.

KÍNÁHÚSÍÐ - Lækjargötu 8, Rvík5511014.
KÍNÁHOFIÐ - Nýbýlavegi 20, Kóp.5545022.
KÍNÁMÚRINN - Laugavegi 126, Rvík5622258.
NINGS - Suðurlandsbraut 6, Rvík5889899.
SJANGHÆ - Laugavegi 28b, Rvík5516513.
TONGS - Langhóltsvegi 89, Rvík5885777.

Kóreskur

CAFÉ KIM - Rauðarárstíg 37, Rvík5626259.

Mexíkóskir

AMIGOS - Tryggvagötu 8, Rvík5113333.

Pizzastaðir

DEVITOS PIZZA - Hlemmi Rvík5616616.
DOMINO'S PIZZA - Grensásvegi 11, Rvík5812345.
ELDSMIÐJAN - Bragagötu 38, Rvík5623838.
HLÍÐARPIZZA - Barmahlíð 8, Rvík5522525.
HRÓI HÖTTUR - Smiðjuvegi 6, Kóp.5544444.
JÓN BAKAN - Nýbýlavegi Kóp.5643535.
PIZZA HUT - Hótel Esju og Mjódd Rvík5332000.
PIZZAHÚSÍÐ - Grensásvegi 11, Rvík5332200.
PIZZA HÖLLIN - Dalbraut 1, Rvík5684848.
PIZZA HÖLLIN - Dalshrauni 11, Hf.5654840.
PIZZA 67 - Nethyl 2, Rvík5671515.
PIZZA 67 - Tryggvagötu 26, Rvík5619900.

Sjávarréttastaðir

HUMARHÚSÍÐ - Amtmannsstíg 1, Rvík5613303.
SKÓLABRÚ - Pósthússtræti 17, Rvík5624455.
VIÐ TJÖRNINA - Templarasundi 3, Rvík5518666.
PRÍR FRAKKAR - Baldursgötu 14, Rvík5523939.

Steikhús

ARGENTÍNA STEIKHÚS - Barónsstíg 1, Rvík5519555.
RAUÐARÁ - Rauðarárstíg 37, Rvík5626766.
ASKUR - Suðurlandsbraut 4, Rvík5538550.

Tælenskir

BANTHAI - Laugavegi 130, Rvík5522444.
NÜDLUHÚSÍÐ - Vitastíg 10, Rvík5527088.
SINGAPORE - Reykjavíkurgötu 68, Hf.5554999.
THAILAND - Laugavegi 11, Rvík5518111.

Vestrænir

ASTRO - Austurstræti 22, Rvík5529222.
BETRI SÆTI - Strandgötu 30, Hf.5655614.

FOSSHÓTEL

CARPE DIEM - Rauðarárstíg 18, Rvík5524555.
VEGAMÓT - Vegamótastíg 4, Rvík5113040.

Þjóðlegir

EINAR BEN - Veltusundi 1, Rvík5115090.
FJARAN - Strandgötu 55, Hf.5651213.
LAUGA-ÁS - Laugarásvegi 1, Rvík5531620.
MÚLAKAFFI - Hallarmúla Rvík5537737.
NAUSTIÐ - Vesturgötu 6-8, Rvík5517759.
SKÍÐASKÁLINN - Hveradölum5672020.
SKRÚÐUR - Hótel Sögu, Hagatorgi Rvík5529900.
POTTURINN OG PANNAN - Brautarholti 225511690.
SAFARI - Laugavegi 178, Rvík5534020.

Krár & matur

ARI Í ÖGRI - Ingólfstræti 3, Rvík5519660.
CAFÉ LIST - Klapparstíg 26, Rvík5625059.
FÓGETINN - Aðalstræti 10, Rvík5516323.
GAUKUR Á STÖNG - Tryggvagötu 22, Rvík5511556.
KAFFI AUSTURSTRÆTI - Austurstræti 6, Rvík5522615.
KAFFIBARINN - Bergstaðastræti 1, Rvík5511588.
KAFFIBRENNSLAN - Pósthússtræti 9, Rvík5613600.
KAFFI REYKJAVÍK - Vesturgötu 2, Rvík5625540.
KAFFI PARÍS - Austurstræti 14, Rvík5511020.
KOFI TÓMASAR FRÆNDA - Laugavegi 25511855.
KRINGLUKRÁIN - Kringlunni 4, Rvík5680878.
SIR OLIVER - Hverfisgötu 12, Rvík5617171.
SÓLON ÍSLANDUS - Bankastræti 7a, Rvík5512666.
22 - Laugavegi 22, Rvík5513628.

Kaffihús

CAFÉ KONDIORIN KOPENHAGEN - Suðurl.4a5881550.
FLUGTERIAN - Reykjavíkflugvelli, Rvík5512940.
GRÁI KÖTTURINN - Hverfisgötu 16a, Rvík5511544.
GRENSÁSBÆR - Grensásvegi 12, Rvík5681747.
KAFFI-BORG - Strandgötu 34, Hf.5550544.
KAFFI MÍLANÓ - Faxafeni 11, Rvík5888860.
KAFFI PERLAN - Perlunni Reykjavík5620200.
KAFFI PUCCINI - Vitastíg 10a, Rvík5523388.



KAFFISTOFA GERÐARSAFNS - Kópavogi5544501.
KAFFISTOFAN LÓUHREIÐUR - Laugav. 585622165.
KAFFITÁR - Kringlunni Rvík5880440.
KAFFIVAGNINN - Grandagarði 10, Rvík5515932.
LISTAKAFFI - Lifthúsinu Laugardal Rvík5684255.
LITLI LJÓTI ANDARUNGINN - Lækjarg 6b5529815.
MOKKAKAFFI - Skólavörðustíg 3a, Rvík5521174.
NORRÆNA HÚSÍÐ - Hringbraut, Rvík5517030.
NÖNNUKOT - Mjósundi 2, Hf.5652808.
PRIKIÐ - Bankastræti 12, Rvík5511657.
RÁÐHÚSKAFFI - Ráðhúsi Reykjavíkur5632169.
SÚFISTINN - Laugavegi 18, Rvík5523740.
SVARTA KAFFIÐ - Laugavegi 54, Rvík5512999.
TE & KAFFI - Laugavegi 27, Rvík5526260.



Hafir þú upplýsingar um atburði sem ætti að segja frá, láttu þá heyra frá þér

Sími: 520 2002

Fax: 520 2001

Auglýsingar Sími 520 2016

e-mail: 5202002@gulabokin.is



Dreifing:

TEXTÍL vörur ehf.

Kleppsmýrarvegi 8
Sími 581 2797

HREIN NÁTTÚRUAFURÐ GEGN SÆRINDUM Í HÁLSI

**FÆST Í APÓTEKUM OG HEILSUBÚÐUM
UM LAND ALLT**

Apótek

SÓLARHRINGSÞJÓNUSTA APÓTEKANA - sjálfvirkur símsvari um læknavakt og vaktir apóteka 5518888. Háaleitisapótek, Austurveið við Háaleitisbraut, er opið allan sólarhringinn alla daga.

Læknavakt

AA-SAMTÖKIN - 5516373, opið virka daga kl 13:00 - 20:00, alla aðra daga kl. 17:00 - 20:00.

ALNÆMI - Mótefnamælingar vegna HIV smits fást að kostnaðarlausu í HÚÐ- og kynsjúkdómadeild, Pverholti 18 5602320 kl. 09:00 - 11:00. Sjúkrahúsi Reykjavíkur 5251000 mán. - fös. kl. 08:00 - 10:00. Göngudeild Landspítalans 5601000 mán. - fös. kl. 08:00 - 15:00. Alnæmissamtökín styðja smitaða og sjúka og aðstandendur þeirra, 5528586.

BARNALÆKNIR - Domus Medica Egilsgötu 3, Rvík. 5631010. Viðtal á stofu á kvöldin mán.- fös. til kl. 22:00, lau. kl. 11:00 - 15:00 og sun. kl. 13:00 - 17:00.

GEDHJÁLP - Tryggvagötu 9, Rvík. 5525990, fax 5525029. Samtök geðsjúkra og aðstandenda. Opið kl. 9:00 - 17:00. Félagsmiðstöð opin kl. 11:00 - 17:00, lau. kl. 14:00 - 16:00. Stuðningsþjónusta 5620016.

KRABBAMEINSRÁÐGJÖF - Grænt 8004040.

KVENNAATHVARF - 5611205 allan sólarhringinn. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem beittra hafa verið ofbeldi eða nauðgun.

LÆKNAVAKT - Reykjavík, Seltjarnarnes og Kópavogur í Heilsværndarstöð Reykjavíkur við Barónsstíg 5521230. Opið mán.- fös. frá kl. 17:00 - kl. 08:00. Lau. - helgisd. allan sólarhringinn.

SJÚKRAHÚS REYKJAVÍKUR - Fossvogi 5251000 & 5251700. Slys- og bráðamóttakan er opin allan sólarhringinn fyrir bráðveika og slasaða.

TANNLÆKNAVAKT - Reykjavík 5681041. Neyðarvakt um helgar og stórhátíðir.

Bilanavakt

VAKTÞJÓNUSTA - 5527311, vegna bilana á veitukerfi vatns og hitaveitu, kl. 17:00 - 20:00. Rafmagnsveitan bilanavakt 5686230. Kópavogur, vegna bilana á vatnsveitu 8928215. Rafveita Hafnarfjarðar, bilanavakt 5652936.

Upplýsingar

DÝRAVERNDUNARFÉLAG REYKJAVÍKUR - Lögfræðiráðgjöf 5523044. Fatamóttaka í Stangarhlí 2 kl. 10:00 - 12:00 og 14:00 - 17:00 virka daga.

FÉLAG EINSTÆÐRA FORELDRA - Tjarnargötu 10D, Rvík. 551-1822. Skrifstofa opin mán., mið. og fim. kl. 10:00 - 16:00, þri. 10:00 - 20:00 og fös. kl. 10:00 - 14:00.

FKB FRÆÐSLUSAMTÖK UM KYNLÍF OG BARNEIGNIR - Hinu húsinu, Aðalstræti 2, Rvík. 5515353. Fræðslufundur skv. óskum. Móttaka og símaráðgjöf fyrir ungt fólk, mán. kl. 16:00 - 18:00 og fös. kl. 16:30 - 18:30. Pósthólf 7226, 127 Rvík.

LEIGJENDASAMTÖKIN - Alþýðuhúsinu, Hverfisgötu 8 - 10, Rvík. 5523266 & 5613266

LÖGMANNAVAKTIN - Hafnarfirði 5551295 1. & 3. fim. í mánuði kl. 17:00 - 19:00. Álfamýri 9, Reykjavík alla þri. kl. 16:30 - 18:30 tímap. 5865620. Endurgjaldslaus lögræðiráðgjöf fyrir almenning.

MÍÐSTÖÐ FÓLKS Í ATVINNULEIT - Smíðjan, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17. 5528271. Uppl., ráðgjöf, fjölbr. vinnuáætlaða, námskeið.

MÍGRENISAMTÖKIN - Pósthólf 3307, 123 Reykjavík. 5875055 mán. kl. 18:00 - 24:00.

MS-FÉLAG ÍSLANDS - Sléttuvegi 5, Rvík. Framkvstj. 5688680. Skrifstofa, minningarkort, sími, fax 5688620. Dagvist, sjúkrapjálfun 5688630, fax 5688688.

ORATOR - 5511012. Félag laganema veitir ókeypis lögræðiaðstoð fim. kl. 19:30 - 23:00.

RAUÐAKROSSHÚSIÐ - Tjarnargötu 35, Rvík. 5115151. Grænt, 8005151. Neyðarathvarf opið allan sólarhringinn, ætlað börnum og unglingum að 20 ára aldri sem ekki eiga í önnur hús að venda.

SAMTÖKIN '78 - Lindargötu 49, Rvík. 5528539. Uppl. og ráðgjöf mán. og fim. kl. 20:00 - 23:00. Skrifstofan að er opin virka daga kl. 11:00 - 12:00.

SÁÁ - Síðmúla 3 - 5, Rvík. 5812399. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, kl. 9:00 - 17:00. Kynningarfundir alla fim. kl. 19:00.

STÍGAMÓT - Vesturgötu 3, Rvík. 5626868 & 5626878, fax 5626857. Miðstöð opin mán.- þri. kl. 9:00 - 19:00.

STUÐLAR - MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA - Fossaleyni 17, Rvík. 5678055.

STYRKARFÉLAG KRABBAMEINSSJÚKRA BARNNA - Pósth. 8687, 128 Rvík. 5887555 & 5887559 fax 5887272.

TRÚNAÐARSÍMI RAUÐAKROSSHÚSSINS - 5115151, grænt 8005151. Ráðgjafar- og upplýsingasími ætlaður börnum og unglingum að 20 ára aldri. Nafnleynd. Opið allan sólarhringinn.

UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA - Bankastræti 2, Rvík. 5623045, fax 5623057. Opið mán.- fös. kl. 9:00 - 17:00, lau. kl. 10:00 - 14:00.

VÍMULAUS ÆSKA - Grensásvegi 16, Rvík. 6811817, fax 5811819, veitir foreldrum og foreldratéi. uppl. mán.- fös. kl. 9:00 - 16:00. Foreldrasími 5861799, er opinn allan sólarhringinn.

VINALÍNA Rauðakrossins - 5616464 og grænt 8006464, er ætluð fólki 20 ára og eldri sem þarf einhvern til að tala við. Svarað kl. 20:00 - 23:00.

Sund

Afgreiðslutími sundstaða í Reykjavík 1998

Laugardalslaug. Sumar
Virka daga 6:50-22:00
Helgar 8:00-20:00

Vesturbæjarlaug Sumar
Virka daga 6:30-22:00
Helgar 8:00-20:00

Sundhöll Sumar
Virka daga 6:30-21:30
Helgar 8:00-19:00

Breiðholti-laug Sumar
Virka daga 6:50-22:00
Helgar 8:00-20:00

Árbæjarlaug Sumar
Virka daga 6:50-22:30
Helgar 8:00-22:00



Mánudagur

3

ÍPRÓTTIR

Stórmót
Léttfeta/Stíganda/Svaða

Vindheimamelum
Golfkl. Hellsu Strandarmótið 18 h m/án
Golfkl. Kjölur Mosfellsbæ Sprite 18 h m/án
Golfkl. Leynir Akranesi Schwegges, karlafl. 18 h m/án
Golfkl. Sandgerðis Barnaheill 18 h m/án
Golfkl. Setbergs Setbergsmótið 18 h m/án

LISTIR & MENNING

Árbæjarsafn Sérstök barna og fjölskyldudagskrá. Teymt verður undir börnum við Árbæinn milli kl. 13.00 og 14.00. Farið verður í gamla leiki við Kornhúsið kl. 14.00 og 15.00. Fjölskylduratleikur, verðlaun í boði.

Sumartónleikar í Skálholtskirkju
Tónleikar: Kl. 15.00 Sónötur fyrir barokkfiðlu og sembal nr. IV, V og VI eftir J. S. Bach. Jaap

Schröder leikur á barokkfiðlu og Helga Ingólfsdóttir á sembal.

ÚTIHÁTÍÐIR

Vestmannaeyjar Þjóðhátíð
Flókalundur Fjölskyldan og Flóki, fjölskyldumót í Flókalundi
Biskupstungur
Verslunarmannahelgin í Úthlíð, dansleikir og fjölskylduskemmtun
Akranes Íþróttahátíð fjölskyldunnar
Flúðir Verslunarmannahelgin á Flúðum, fjölskylduhátíð
Borgarfjörður eystri
Álfaborgarsjens
Kirkjubæjarklaustur
Verslunarmannahelgi á Kirkjubæjarklaustri
Vopnafjörður Vopnaskak:
Óvissuferðir og siglingar.
Neskaupstaður Neistaflgur

ÚTIVIST

Ferðafélag Íslands kl. 10:30
Grindaskörð-Kistufellsgigur
Útivist Kl. 10:30 Grindarskörð - Hafnarfjörður

Þriðjudagur

4

ÍPRÓTTIR


Þriðjudagskeppni kjölbáta
Ytri höfnin í
Reykjavík. Kl. 19:00 í
umsjá Brokeyjar,
siglingafélags
Reykjavíkur



LISTIR & MENNING

Norræna húsið kl. 16.00.
Hreyfimyndir eftir Ingu Lísu
Middleton og Kristínu Maríu
Ingimarsdóttur sem jafnframt
kynnir þær.
Listasafn Sigurjóns Þriðjudagstón-
leikar kl. 20:30. Hjörleifur Valsson
fiðluleikar ásamt píanóundirleik.

Háskólinn á Akureyri, kl. 10:
Sumarháskólinn. Fyrirlestur fyrir
erlenda ferðamenn. Jurtalitun,
Guðrún Hadda.
Minjasafnskirkjan Akureyri kl. 21:
Söngvaka. Hjörleifur Hjartarson og
Rósa Kristín Baldursdóttir á sögu-
legri söngferð um íslenskt
tónlistarlíf.



Hótel Reykholt

Borgarfirði

Vinalegt hótél á sögufrægum stað í friðsælu umhverfi

Góð gisting og veitingar á viðráðanlegu verði



Reykholtshátíð

Norræn tónlistarhátíð í Reykholtskirkju 24.-26. júlí
Tilboðsverð á gistingu og veitingum

Reykholtskvöld

Öll þriðjudagskvöld til 18. ágúst
Söngur, grín og gleði

Hótel Reykholt

Borgarfirði

Sími: 435 1260; fax: 435 1206

- opið allt árið -



Ljósmyndastofa
Sigríðar Bachmann

Garðastræti 17
101 Reykjavík

Sími 562 3131

FJALL RÄVEN

Traustur ferðafélagi



www.mmedia.is/sportleigan

Hágæða sænskar útvístavörur og fatnaður.
Tjöld - svefnpokar -
göngufatnaður - flece peysur -
gönguskór - sandalar.
Einnig stórfallegar skyrtur, húfur og beltí, allt í stíl.

SPORT LEIGAN

ÚTIVISTARBÚÐIN VIÐ
UMFERÐARMÍÐSTÖÐINA
SÍMI: 551 9800

GULA

netið

ICELAND YELLOW PAGES

www.gulanet.is

Er tjaldið í lagi?

Áður en haldið er í útileguna er vissara að athuga hvort tjaldið sé í lagi. Eitt þeirra fyrirtækja sem sérhæfa sig í tjöldum er Sportleigan – Útivistarbúðin við Umferðarmiðstöðina í Reykjavík. Auk tjalda og annars útbúnaðar má þar fá alla helstu varahluti í tjöld svo sem hæla, súlur og ýmsa aukahluti. Þar er einnig hægt að fá gert við tjaldið fyrir sanngjarnt verð.

en það eru stór kúlutjöld með braggalaga fortjaldi. Í raun eru þessi tjöld ekkert annað en hústjöld, munurinn er bara sá að þau komast fyrir í litlum poka. Hjá Sportleigunni fæst einnig mikið úrval af hvers kyns útivistarfatnaði og gönguskóm. Þar fást og hinar afbragðsgóðu Fjallrävenvörur, bæði útivistarfatnaður og bakpokar sem eru næstum óslítandi.

Alexander Magnússon, verslunarstjórinn hjá Sportleigunni, ráðleggur fólki að úða tjöld sín með þar til gerðu sílíkoni til að þau haldist vatnsþétt. Sé tjaldið úða að vori ætti sílíkhúðin að endast allt sumarið. Sportleigan flytur inn þýsk hágæðatjöld af gerðinni High Peak. Að sögn Alexanders hafa fáein tjöld af hverri gerð verið prófuð á Íslandi, áður en eiginlegur innflutningur hefst. Þannig hefur nauðsynleg reynsla fengist af tjöldunum og aðeins seldar þær tegundir sem duga vel í íslenskri veðráttu. Í boði eru margar mismunandi gerðir svo sem göngutjöld sem vega aðeins 2,7 kg, sérstök hjólatjöld, hústjöld og svo þau tjöld sem eru að verða hvað vinsælust hér á landi



Þrjár spurningar fyrir pabba og mömmu í framsætinu:
Hvers konar skepnur eru?

- a) múldýr
- b) skoffin

Hvað þýða eftirfarandi orð?

- a) lúka
- b) keis
- c) háský

Hver er höfundur kvæðisins sem byrjar svona?

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þótt kvæðjan væri stutt í gær.
Ég trúí ekki á orðin þín
ef annað segja stjörnur tvær.

Svör á bls. 31

Nokkrar spurningar fyrir börnin í aftursætinu:

Hvernig lýkur þessari vísu?

Sól, sól skín á mig,
ský ský burt með þig.

Hvernig er danski fáninn á litinn?

Hver er aðalmunurinn á appelsínu og mandarínu?

Hvernig er rákin á þorskinum á litinn?

Hvað heitir höfuðborg Frakklands?

Hvernig eru krækiber á litinn?




Svör á bls. 31

Miðvikudagur

5

LISTIR & MENNING

Egilsstaðir: Hér fyrir austan, útileikhús og skógartónar í Selskógi.



Ágúst 1998

Fimmtudagur

6

ÍPRÓTTIR

Fimmtudagskeppni á kænnum

Á Skerjafirði. Siglingafélögin Ýmir í Kópavogi og Brokey í Reykjavík sjá um keppnina sem hefst kl. 19:00
Landsmót í golfi, Golfkl. Suðurnesja, Golfkl. Sandgerðis, Golfkl. Grindavíkur

LISTIR & MENNING

Kaffileikhúsið Vestugötu, kl. 21.00: Sumartónleikar. Marta G.
Halldórsdóttir sópransöngkona.
Ráðhús Reykjavíkur, kl. 17:00

Tónleikar Hjálpræðishersins Deiglan Akureyri, kl. 13:00
Sumarháskólinn. Fræðslu og ævintýraferð. Hreiðar Þór Valtýsson, Hafró, undur hafsins, sjóferð.

Deiglan Akureyri, kl. 21.30: Heitur fimmtudagur, Tuborg Djass/Dasskl. Ak., Trío Ólafs Stephensen. Ólafur Stephensen píanó, Tómas R. Einarsson kontrabassi, Guðmundur R. Einarsson trommur.
Minjasafnskirkjan Akureyri kl. 21: Söngvaka. Hjörleifur Hjartarson og Rósa Kristín Baldursdóttir á sögulegri söngferð um íslenskt

Að pissa á gúmmískóm

Nú eru sumarfrúin að bresta á og margir leggja land undir fót að skoða sig um. Í góðu veðri er gaman að vera í tjaldi eða tjaldvagni á fallegum stað en að ýmsu þarf að huga áður en lagt er af stað. Hvað á að taka með, hverju á að sleppa. Ekki verður hér talið upp allt það sem menn þurfa að hafa með sér í útilegum en ein hugmynd um hlut sem getur komið sér vel reifuð lítulega.

Ég hef nefninlega komist að því að eitt er það sem er algerlega ómissandi í útilegu og það eru gömlu góðu svörtu gúmmískórnir með hvítu röndinni. Já ég sagði það, gúmmískór! Eða alþýðutúttur eins og þeir voru stundum kallaðir. Eitt slíkt par á mann í ferðalagið getur skipt sköpum. Ekkert er einfaldara en að smeygja sér í tútturnar þegar þarf að skjótast eitthvað og aukinheldur halda þær vatni.

Það þarf að skreppa í bílinn og ná í eitt-hvað sem gleymdist. Það þarf að hlaupa og skoða fugl eða pöddu sem maður kemur skyndilega auga á. Það þarf að skutlast með brúsa niður í læk eftir vatni. Það þarf að hlaupa með ruslið í næstu tunnu. Og síðast en ekki síst, þarf maður stundum að skjótast út að nóttu til eða eldsnemma morguns á kamarinn. Í dögginni.

Vaða blautt grasið nýskriðinn upp úr hlýjum svefnpokanum og alveg í spreng. Þá er fátt betra en blessaðar tútturnar. Þar eru sko ekki reimarnar eða spennurnar eða rennilásarnir, franskir eða venjulegir, og það þarf ekki að opna þær og laga kuðlaða tunguna svo maður komist í. Nei maður rennir sér í tútturnar sisvona og skundar af stað fullkomlega áhyggjulaus. Að loknu erindi skondrar maður til baka léttur á sér og léttur í lund, smeygir sér úr túttunum aftur og stingur sér beint í svefnpokann og dormar aðeins lengur. Gúmmískóm þarf maður meira að segja ekki að troða inn í tjaldið yfir nóttina, þeim er bara hvolfi fyrir framan skörina. Sem sagt, gúmmítúttur fyrir börn og fullorðna!

Og gúmmítútturnar geta komið að notum við ýmsar óvæntar aðstæður. Hugsum okkur bara að það lendi ís, eða kók, eða bráðið súkkulaði ofan í bílinn. Eða yngsti fjölskyldumeðlimurinn verður bílveikur með þeim afleiðingum sem því fylgja stundum. Og ekkert ílát til að sækja vatn í uppi við. Allt slíkt niðurpakkað í skottinu. Þá stoppar maður bílinn við næsta læk og sækir vatn í eins og einn eða tvo gúmmískó. Og þrífur óhreinindin syngjandi sæll og glaður. Gúmmískórinn þornar síðan á skammri stundu og allir geta haldið ferðalaginu áfram fullkomlega lukkulegir.



Föstudagur

7

ÍPRÓTTIR

Gæðinga- og kynbótadómur Snæfellingss Kaldármelum



Stórmót sunnlennsakra hestamanna Gaddstaðafötum

Landsmót í golfi, Golfkl. Suðurnesja, Golfkl. Sandgerðis, Golfkl. Grindavíkur

LISTIR & MENNING

Norræna húsið, kl. 20.30
Kammerónleikar. Københavns kammerensamble leikur barokkverk og ný verk eftir dönsk og íslensk tónskáld.

ÚTIVIST

Hólmavík, kl. 20:00. Kvöldferð á hestum kringum Þiðriksvatn með Strandahestum. Lagt af stað frá Skeljavíkurrtétt

Útivist. Helgarferðir:

Laugavegurinn, hraðferð, kl.

8:30. Ekið í Landmannaaukar og gengið samdægurs í Hvangil. Næsta dag er gengið í Bása. Gönguferð fyrir þá sem vilja fara hratt yfir. Gist í skála í Hvangili. Tjaldgisting í Básum. Tjöld og annan farangur má senda á föstudagsmorgni með rútu í Bása.

Fjölskylduferð í Bása, kl. 20:00.

Ekið í Bása á föstudagskvöldi. Boðið er upp á skipulagðar gönguferðir. Þó allar helgar séu fjölskylduhelgar í Básum, verður þessa helgi lögð enn meiri áhersla en venjulega á að hafa þetta sannkallaða fjölskylduferð með mikilli dagskrá fyrir börn og fullorðna. Hægt er að gista í skála eða tjaldi. Mikilvægt er að panta í þessa ferð með góðum fyrirvara. Heiðar og gljúfur á Síðumannaafreiti, Kaldbakur-Lambatungur kl. 8:30 tjaldað í Seldal í Mörtungu á föstudagskvöldi. Skoðuð gljúfrin í Pverártungum og gengið á Kaldbak, þar sem sér yfir alla Síðu, Landbrot og Meðalland. Þaðan er gengið um stórhrikaleg gljúfur Lambatungna að Mörtungu. Farangur fluttur milli náttstaða.

Laugardagur

8

ÍPRÓTTIR

Gæðinga- og kynbótadómur Snæfellingss

Kaldármelum
Stórmót sunnlennsakra hestamanna Gaddstaðafötum
Tölmót og firmakeppni Svada Hofgerði
Yeðreiðar Fáks Viðvöllum
Íþróttamót Þyts/USVH Króksstaðamelum
Faxagleði Faxa Faxaborg Félagsmót Grana/Þjálfa Einarstöðum
Skagafjörður, Rallýkeppni Golfkl. Akureyrar, Landsmót slökkviliðsmanna 18 h m/án
Golfkl. Ólafsfjarðar, Sparisjóðsmótíð 36 h m/án.
Landsmót í golfi, Golfkl. Suðurnesja, Golfkl. Sandgerðis, Golfkl. Grindavíkur
Golfkl. Eskifjarðar
Landsbankamótíð 36 h m/án
Reykjavíkurleikar í frjálsum íþróttum. Alþjóðlegt mót. Laugardalsvelli.
Íþróttahátíð USVS í frjálsum íþróttum. Pétursey.
Samhyðar- og Vökumót í frjálsum íþróttum. Félagslund.
Baldurs og Skeiðamót í frjálsum íþróttum. Einbúa.
Hreppamót í frjálsum íþróttum. Arnesi.
Óldungamót HSH í frjálsum íþróttum. Lýshóli.

LISTIR & MENNING

Listasafn Kópavogs, opnun. Austur- og vestursalur: Magnús Á. Arnason, höggmyndir og málverk. Neðri

hæð: Kristín Guðjónsdóttir, skúlptúr. Stendur til 30. ágúst.
Gallerí Sevarss Karls: Kristján Steingrímur í samvinnu við Kristján Davíðsson o. fl. opnar málverkasýningu.
Sumartónleikar í Skálholtskirkju, kl. 14:00. Kári Bjarnason handrita-sérfræðingur flytur erindi um rannsóknir á íslenskum söngarfi. Kl. 15:00 tónleikar. Barokkverk eftir Th. Arne, C. Hocquart, J.H. Roman og G.Ph. Telemann. Kl. 17:00 tónleikar. Einleikskonsertar og kammerverk frá Ítalíu eftir Scarlatti, Albinoni, Locatelli og Vivaldi. Flytjendur: Bachsveitin í Skálholti.

ÚTIVIST

Hólmavík, kl. 20:00. Kvöldferð á hestum kringum Þiðriksvatn með Strandahestum. Lagt af stað frá Skeljavíkurrtétt
Skagafjörður. Tveggja daga gönguferð. Laxárdalur – Þúfnavellir – Gönguskörð. Lagt af stað kl. 9:00
Útivist. Kl. 9:00 Hekla. Gengið frá Skjólkvíum og komið þangað niður aftur.

Helgarferðir Útivistar: Fimmvörðuháls, kl. 8:30. Gengið frá Skógafossi á hádegi á laugardegi, upp með Skógaá og í Fimmvörðuskála. Á sunnudegi er gengið niður í Bása.

GLÆSILEG VEISLU- OG RÁÐSTEFNUAÐSTADA

GERUM TILBOD !



STAPINN Í KEFLAVÍK

S: 421-2526

Nýju fötin Stapans í Keflavík

Nafn félagsheimilisins Stapa þekkja allir sem komnir eru af sokkabandsárunum en hann var tekinn í notkun árið 1965 og leysti þá af Krossinn, gamlan herbragga í Keflavík sem hafði notið mikilla vinsælda sem skemmtistaður.

Það er til marks um hve fólki þótti opnun Stapans mikill viðburður í þá daga að bæði leikhúsin í Reykjavík komu þangað með sýningar sínar í tilefni opunarinnar, – Leikfélag Reykjavíkur með söng- og gamanleikinn Ævintýri á gönguför og Þjóðleikhúsið með Jóðlíf eftir Odd Björnsson. Fáir staðir munu hafa hýst jafn margar og þekktar íslenskar hljómsveitir á bítlaárunum, en Stapinn var heimavöllur Hljóma, Óðmanna og síðar hljómsveitarinnar Júdas og það þótti nokkur upphefð fyrir aðrar hljómsveitir að spila í Stapanum. Þarna voru böll um hverja helgi og alltaf fullt út úr dyrum. Fyrstu árin byggðist rekstur Stapans á böllum og árshátíðum heimamanna en nú eru aðrir tímar og aðrar áherslur.

Einkaaðilar hafa tekið við húsinu fyrir nokkru og síðustu tvö árin hefur Jón Magnús Harðarson veitingamaður séð um reksturinn.

Hann hefur gert miklar breytingar á húsinu, þar á meðal bætt ljósa- og hljóðkerfi hússins og einnig komið upp öllum nauðsynlegum tækjum til ráðstefnuhalds. Húsið hentar því nú ágætlega bæði til samkvæmis- og ráðstefnuhalds. Salnum í Stapanum má skipta í smærri einingar þannig að lítið samkvæmi týnist ekki í stórum salnum og stórt samkvæmi er ekki aðþrengt. Þessi ráðstöfun gerir það líka að verkum að hægt er að vera með veitingar og ráðstefnur í húsinu samtímis svo að ráðstefnugestir þurfa ekki að sækja sér mat og drykk annað.

Einnig hefur aukist að mun að starfsmannafélög á höfuðborgarsvæðinu kjósi að halda árshátíðir sínar í Stapanum og sér starfsfólk Stapans þá um að útvega rútur og skemmtiatriði ef vill, sem og gistingu í Reykjanesbæ fyrir þá sem það kjósa. Enn fremur segist Jón Magnús hafa unnið að því síðustu árin að skapa jólahlaðborði og þorrablóti í Stapanum sess í hugum manna og það sé farið að skila sér allvel, því það færir mjög í aukana að hópar komi frá Reykjavík til að njóta þessara árstíðabundnu krása í Stapanum í Keflavík.



Í lokin látum við síðan tvær yfirlætislausar mataruppskriftir úr heimiliseldhúsinu fljóta með, en þær leyna á sér. Bæði eru þær einfaldar að allri gerð og prýðilega bragðgóðar.

Aðalréttur: Svínakjöt með hvítkáli
Fyrir fjóra

4 svínakótelettur
1/2 - 1 hvítkálshöfuð
1 bollí rjómi

salt og pipar
smjörklípa
fersk salvía
1/2 glas hvítvín
Parmesan ostur



Hvítkálið er skorið gróft, sett í pott með saltvatni og suðan látin koma upp. Látið síðan renna vel af því. Það er svo sett aftur í pottinn ásamt rjómanum, salti og pipar og látið malla ofurlitla stund.

Svínakótelettarnar eru brúnaðar í smjörinu á báðum hliðum á meðan og teknar af pönnunni en salvían sett út í feitina og síðan hvítvínið. Látið sjóða aðeins niður og



hræið þessu síðan út í hvítkálið. Setjið nú helminginn af hvítkálínu í eldfast mót, raðið svínakótelettunum þar ofan á og þekið með því sem eftir er af hvítkálínu. Stráðið rifnum Parmesan osti yfir ásamt smjörklípu og bakið í ofni í 20 mínútur til hálf tíma.

Eftirréttur: Sætar lárperur (avokadó)
Fyrir fjóra

2 lárperur
2 teskeiðar sykur
1 glas sérrý
múskat

Skerið lárperurnar að endilöngu og takið steinana úr. Skafið síðan aldinkjötið gætilega innan úr og stappið ásamt sykrinum, sérrýinu og múskati eftir smekk. Setjið maukið aftur í lárperuskeljarnar, gjarnan með rjómasprautu fyrir fegurðarsakir, og berið fram vel kalt.

Verði ykkur að góðu




Svört við nokkrum barna!
Gótt er við sölu á gæðum síg.
Sól skín á milli.
Kauður með hvítum krossi.
Mandartinnar er minni og sætari á bragðið.
Hvít (ljós)
Paris
Svört

Svörtin við þremur fullorðins!

CARMEN NEGRA

Rokk - salsa - popp söngleikur í tveimur þáttum eftir
Bizet / Trotter - McLeod.



Jose

Garðar Thór Cortes



Carmen

Caron Barnes-Berg



Geisladiskurinn

með lögunum úr
Carmen Negra fæst í öllum
hljómplötuverslunum
og í Íslensku óperunni.

Útgefandi Íslenska óperan.
Dreifing Skifan.
© Faber Music Ltd. London



ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasala 551 1475